

KLARA KRISTÍN ARNDAL

Á dýrmætar minningar úr sófanum frá ömmu.

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



STEFÁN MÁNI

Líkt við Edgar Allan Poe

Der Spiegel hrósar Skipinu

FÓLK 26



DÓRIR SNÆR

Framleiðir mynd um Bronson

Fær fín viðbrögð á Sundance

FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. janúar 2009 – 23. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Sælkeralandið Ísland

Ferðamálastofa og Iceland Naturally opna nýja sælkeravefsíðu.

TÍMAMÓT 14



Tilheyrir fortíðinni

Rex skipti um nafn og varð Jacobson um helgina.

FÓLK 19



Prins í ástarsorg

Harry prins er laus og liðugur eftir að unnustan hætti með honum.

FÓLK 19


Bæði KR-liðin í Höllina

KR mætir Stjórnunni í bikarúrslitum karla og Keflavík í bikarúrslitum kvenna í Subway-bikarnum í körfunni.

ÍÞRÓTTIR 22



VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA ÚRKOMA Í KVÖLD Í dag verða suðaustan 5-10 m/s en 10-18 SV-til. Nokkuð bjart í fyrstu en fer að falla slydda eða rigning S- og V-til eftir hádegi og verður úrkoma víðast hvar í kvöld, síst þó NA-lands.

VEÐUR 4

Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðalvísing 2. tölublaðs í tölublaðsátt. Allt í lagi. Þetta er bara ein af mörgum ástæðum.



ÞAD LOKINNI FUNDHRINU Formenn stjórnarflokkanna funduðu saman og hvor í sínu lagi ásamt nánustu samverkamönnum langt fram eftir degi í gær. Þingflokkar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar munu hittast í dag og leiðtogar flokkanna í kjölfarið. Þá mun það skýrast hvort ríkisstjórnin heldur velli.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Úrslitastundin er í dag

Sjálfstæðisflokkur vill tuga milljarða aukinn niðurskurð í ríkisfjármálum. Samfylking vill breyta stjórnarskránni og skipta um stjórn Seðlabanka. Framtíð stjórnarinnar ræðst að loknum þingflokksfundum í dag.

STJÓRN MÁL Forysta Sjálfstæðisflokksins vill að Samfylkingin samþykki tuga milljarða króna niðurskurð í ríkisútgjöldum til viðbótar við áður ákveðinn niðurskurð, eigi ríkisstjórnin að starfa áfram. Það er í samræmi við samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Þingflokkar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar munu funda hvor í sínu lagi klukkan 10 í dag. Á fundunum verður framtíð stjórnarsamstarfsins rædd. Heimildir Fréttablaðsins herma að í framhaldinu taki formenn flokkanna ákvörðun um það hvort stjórnarsamstarfinu verði haldið áfram.

Sjálfstæðismenn vilja að samkomulag verði gert um aukinn niðurskurð á ríkisútgjöldum, en í dag er gert ráð fyrir yfir 150 milljarða króna halla á yfirstandandi ári.

Samfylkingin hefur sett fram þrjú skilyrði fyrir áframhaldandi stjórnarsamstarfi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fyrsta skilyrði er að stjórn og stjórnendur

Seðlabankans víki. Einnig er þess krafist að aðgerðaáætlun um efnahagslífið og peningastjórnun verði hrundið af stað.

Ad lokum er sett það skilyrði að stjórnarskrá verði breytt fyrir kosningar í vor til að hægt verði að sækja um aðild að Evrópusambandinu í kjölfar kosninga.

Fréttablaðið hefur heimildir úr báðum stjórnarflokkum fyrir því að að sameining Fjármálaeftirlitsins (FME) og Seðlabanka Íslands hafi verið langt komin seint á síðasta ári. Hún hafi verið fyrirhuguð um áramót.

Þá hafi einnig verið fyrirhuguð að samþykka aukinn niðurskurð í ríkisfjármálum í takt við það sem Sjálfstæðismenn krefjast nú. Þá hafi uppstokkun í ríkisstjórn, og skipti á ráðuneytum milli stjórnarflokka átt að fara fram á sama tíma.

Heimildir úr Sjálfstæðisflokki herma að forysta Samfylkingarinnar hafi viljað fresta breytingunum vegna veikinda Ingibjargar

Sólrunar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar. Heimildarmenn í Samfylkingunni segja að sjálfstæðismenn hafi ekki viljað fara í breytingarnar af jafn miklum krafti og Samfylkingin og áhuginn því koðnað niður.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í gær að ekki mætti rasa um ráð fram með mögulega sameiningu FME og Seðlabankans, og að engum útfærslum hafi verið hafnað.

Ingibjörg Sólrún segir að algjör forsenda fyrir sátt í samfélaginu sé að breytingar verði í Seðlabankanum. Björgvin G. Sigurðsson og Fjármálaeftirlitið hafi gengið á undan með góðu fordæmi og því hljóti sjónir manna að beinast að bankanum nú.

Ingibjörg segir þá hugmynd hafa komið upp að Samfylkingin leiddi ríkisstjórnina. „Það gæti alveg verið ástæða til þess að skoða breytingar á verkstjórnarvaldi.“

- bj, bps, kóp / sjá síður 4,6 og 8

VIÐSKIPTARÁÐHERRA SEGIR AF SÉR

Björgvin G. Sigurðsson tilkynnti í gær að hann hafi sagt af sér sem viðskiptaráðherra. Hans síðasta verk sem ráðherra var að óska eftir því við stjórn Fjármálaeftirlitsins að það semdi um starfslok Jónasar Fr. Jónssonar forstjóra, og segði að því loknu af sér.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Stjórnin varð við því á fundi sínum í gær, og mun Jónas láta af störfum 1. mars næstkomandi. Stjórn og varastjórn eftirlitsins hafa óskað eftir lausn frá störfum.

Forystufólk Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks fundaði tvisvar um stjórnarsamstarfið í gær. Þá funduðu formenn stjórnarflokka með sínum trúnaðarmönnum þess á milli. Engin niðurstaða fékkst í gær um það hvort ríkisstjórnin muni starfa áfram. Búist er við að niðurstaðan verði ljós fyrir upphaf þingfundar klukkan 15 í dag.

6 tommu bátur

Skinku bátur

329 kr.

Gildir í janúar 2009. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki í Stjórnarmáli.

SPURNING DAGSINS



Einar, er þetta ekki tilræði við íslenskan landbúnað?

„Nei, þetta er einmitt sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað, að búa til íslenskan haggis. Við getum lært marga af öðrum þjóðum í sambandi við meðferð á lambakjöti.“

Einar Skúlason, framsóknarmaður og stjórnamaður Edinborgarfélagssins, flutti inn 50 kíló af skosku haggis vegna Burns Supper-hátíðar á laugardagskvöld.

Slys við Landmannalaugar

LÖGREGLUMÁL Vélsleðamaður slasaðist við Landmannalaugar um þrjú leytið í gær eftir að hann féll ofan í gil. Þýrla Landhelgisgæslunnar var send á vettvang til að sækja manninn og flytja hann á sjúkrahús. Meisli hans voru ekki talin alvarleg en þó var talin hætt á háls- eða bakmeislum.

Hjálparveit skáta í Reykjavík var beðið um aðstoð þyrlunnar við að sækja ökklabrotinn mann við Þverfellshorn í Esju. Voru aðstæður til björgunarstarfs afar erfiðar.



Í FYRRA Hjálpræðisherinn var meðal handhafa samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í fyrra. Líkt og í fyrra afhendir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, verðlaunin í ár.

Samfélagsverðlaunin:

Frestur rennur út á miðnætti

SAMFÉLAGSMÁL Nú fer hver að verða síðastur að skila inn tilnefningu til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. Frestur rennur út á miðnætti í kvöld.

Mikill fjöldi tilnefninga hefur borist. Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarráttgjafi Fréttablaðsins og formaður dómnefndar, hvetur fólk til að nota daginn í dag til að tilnefna verðuga verðlaunahafa. Því fleiri tilnefningar sem berist, því betra.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhendir Samfélagsverðlaunin við hátíðlega athöfn þann 5. mars.

Deilt um 850 milljarða dala efnahagsaðgerðir forseta Bandaríkjanna:

Obama leitar jafnvægis

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti reynir nú að finna jafnvægi milli repúblikana á hægri kantinum, sem telja efnahagsráðstafanir hans leggja of miklar byrðar á ríkissjóð, og demókrata á vinstri kantinum, sem vilja ganga enn lengra í að nota skattfé til að bjarga efnahagslífi landsins.

Mikill þrýstingur er á Obama um að grípa sem allra fyrst til aðgerða til bjargar efnahagslífinu, en deilt er um hvaða leiðir eru réttar. Obama vill að þingið samþykki 825 milljarða dala björgunaraðgerðir til að hleypa nýju lífi í efnahag Bandaríkjanna. Joe Biden



HILLARY CLINTON OG BARACK OBAMA Utanríkisráðgjafi og forsetinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

varaforseti og efnahagsráðgjafar Obamas tóku undir með honum og hvöttu þingið til þess að sam-

þykja aðgerðapakkann.

Á alþjóðavettvangi hafa sumir helstu óvinir Bandaríkjanna beðið með opnum huga fréttu af því hvernig Obama ætli að taka á deilumálum þeirra. Fidel Kastró, fyrrverandi Kúbuleiðtogi, er sagður býsna ánægður með nýja forsetann í Bandaríkjunum, og bæði Norður-Kóreumenn og Íranar hafa tekið vel í nýjar hugmyndir til lausnar deilum um kjarnorkumál.

Ali Larjani, forseti Íransþings, sagðist þó í gær efast um að stefna Obama gagnvart Ísrael og Palestínunönnun verði frábrugðin stefnu George W. Bush, fráfarandi forseta.

-gb

Óhapp varð í Bláfjöllum:

Tveir drengir slösuðust illa

LÖGREGLUMÁL Tveir tólf ára drengir slösuðust illa í Bláfjöllum um á fimmta tímanum í gær. Annar þeirra er hugsanlega axlarbrotinn og hinn meiddist í baki. Voru þeir fluttir í sjúkrahús á Landspítalanum í Fossvogi.

Reiðhjólakappi undir tvítugu slasaðist jafnframt í Herjólfsgötu í Hafnarfirði um þrjú leytið í gær þegar hann rann til í hálfu. Hann sneri sig illa á ökkla og er líklega brotinn. Hann var ekki með hjálm og hjólbarðarnir voru ekki negldir. Þá slasaðist átján ára piltur á hjólabretti við Héðinshúsið við Seljaveg og er hann líklega axlarbrotinn.

-fb

Ófrjósemisaðgerðir orðnar að karlavígi

Frá og með árinu 2005 hafa fleiri íslenskir karlar en konur verið gerðir ófrjóir. Fyrir sautján árum var aðeins einn karl gerður ófrjór á móti hverjum tuttugu konum. Inngripið er minna hjá körlunum segir yfirlæknir á Landspítalanum.

HEILBRIGÐISMÁL Þrjú ár eru nú frá því karlar á Íslandi tóku fram úr konum í fjölda ófrjósemisaðgerða.

Fyrir fimmtán árum fóru tuttugu sinnum fleiri konur en karlar í ófrjósemisaðgerðir. Í dag fara þrjú karlar í slíka aðgerð á móti hverjum tveimur konum, árið 2007 voru 296 karlar teknir úr sambandi á móti 190 konum.

„Ég hef enga góða skýringu á þessari þróun. Þetta hefur einfaldlega snúist svona í samfélaginu,“ segir Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir á kvennasviði Landspítalans.

Reynir segir engar sérstakar tækninýjungar hafa orðið sem geti skýrt þróunina. Kannski hafi karlar á árum áður ekki verið nægilega upplýstir og kannski hafi þeir einfaldlega ekki kært sig um slíka aðgerð. „Ef til vill eru karlar í nútímanum farnir að taka meiri ábyrgð sjálfir á getnaðarvörnum,“ segir hann.

Drátt fyrir geysimikla aukningu í ófrjósemisaðgerðum karla hefur heildarfjöldi slíkra aðgerða fremur minnkað síðustu árin. Það er vegna þess að síðari árin hafa mun færri konur látið taka sig úr sambandi. Þannig voru 660 konur gerðar ófrjóar árið 1986 en aðeins 190 konur árið 2007.

Reynir bendir á að um sé að ræða minna inngrip hjá körlunum en hjá konunum. Kannski vilja þeir frekar láta taka sig úr sambandi heldur en að konur þeirra gangist undir aðgerð.

„Annað sem skýrir þessa fækkun hjá konunum eru eflaust fram-



REYNIR TÓMAS GEIRSSON Ef til vill taka karlar í nútímanum meiri ábyrgð á getnaðarvörnum en áður var, segir yfirlæknir á kvennasviði Landspítalans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR

Karlar og konur á Íslandi

	1981	1986	1991	1996	2001	2004	2005	2006	2007
Karlar	23	33	27	127	251	216	285	313	296
Konur	438	660	553	592	414	295	274	206	190
Alls	461	693	580	719	665	511	559	519	486

HEIMILD: LANDLÆKNIR.

farir í getnaðarvörnum fyrir konur sem eru á síðari hluta frjósemiskleids síns. Þar á ég við svokallaða hormónalykkju sem þær geta haft í fimm ár í einu og má endurnýja. Þetta veldur litlum aukaverkunum hjá konunni auk þess sem blæðingar minnka. Þetta þýðir að margar konur sem áður hefðu farið í ófrjósemisaðgerð velja nú hormónalykkjuna,“ segir Reynir.

Hjá körlum felst ófrjósemisaðgerð í því að klippt er á sáuleiðara en hjá konum eru eggja-

leiðarar klemmdir saman. Ekki er heimilt að gera ófrjósemisaðgerðir á fólki sem er yngri en 25 ára nema í mjög sérstökum tilfellum að sögn Reynis. Þess utan er reynt að ganga vandlega úr skugga um að ekki sé um skyndiákvörðun að ræða. Hjá báðum kynjum er mögulegt að snúa áhrifunum við en árangurinn er ekki tryggður. „Það eru um fimmtíu prósent líkur á að árangur verði af endurtengingaraðgerð,“ segir Reynir.

gar@frettabladid.is



Á LÆKJARTORGI Nokkur hundruð manns komu saman í gær til að mótmæla ofbeldi og eignaspjöllum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hundruð mótmæltu í gær:

Á móti ofbeldi og ríkisstjórn

MÓTMÆLI Nokkur hundruð manns komu saman á Lækjartorgi í gær til að mótmæla þeim ofbeldisáferðum sem afmarkaður hópur hefur beitt að undanförunu. Á meðal ræðumanna voru séra Guðni Már Harðarson og Ásgerður Inga Stefánsdóttir, aðstandandi lögreglumanns.

Mótmæli gegn ríkisstjórninni fóru síðan fram á Austurvelli fyrir framan Alþingishúsið og komu þar saman um fimmtíu mótmælendur. Fólkio færði sig um set í tíu mínútur yfir að húsakynnum Baugs við Tungötu þar sem fréttir höfðu borist af því að fundur stæði yfir.

-fb

Borgarneslögreglan upptekin:

Tvær bílveltur á Vesturlandi

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á ferðagsaldri var fluttur á sjúkrahús eftir að bíll hans fór út af veginum og valt á Snæfellsnesvegi rétt fyrir hádegi í gær. Maðurinn var einn í bílnum.

Önnur bílvelta varð við gatnamót Vesturlandsvegur og Akranesvegur fyrir klukkan sjö í gærmorgun. Karlmaður á þrítugsaldri var einn í bílnum og slasaðist hann lítið. Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi er bíllinn talinn ónýtur.

-fb

Minna kólesteról

Benecol er náttúrulegur mjólkurdrykkur sem lækkar kólesteról í blóði.

Mikilvægt er að halda kólesterólgildum innan eðlilegra marka því of hátt kólesteról í blóði er einn helsti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma.

Ein flaska á dag dugur til að ná hámarksvirkni.



www.ms.is

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um aðildarumsókn í Evrópusambandið:


Meirihluti andvígur ESB

SKOÐANAKÖNNUN Nú segjast 59,8 prósent ekki vilja að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Í nóvember á síðasta ári sögðust 59,6 prósent vera fylgjandi umsókn um aðild.

Sérstaklega er andstaða hörð á landsbyggðinni þar sem 68,5 prósent eru andvíg umsókn, en 53,2 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Mest er andstaða við aðild meðal kjósenda Sjálfstæðisflokks, Frjálslynda flokksins og Vinstri grænna. 75,0 prósent sjálfstæðismanna, 83,3 prósent frjálslyndra og 71,1 prósent vinstri grænna styðja ekki umsókn í ESB. Meðal framsóknarfólks og þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk er munurinn minni, þar sem

Stuðningur við Evrópusambandið



tæplega 60 prósent styðja ekki umsókn.

Meirihluti samfylkingarfólks, 73,1 prósent, styður aðildarumsókn í ESB.

Hringt var í 800 manns fimmtu-

daginn 22. janúar og skiptust svarið jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Tóku 73,4 prósent afstöðu til spurningarinnar.

-ss

Ódýr nettenging.

Prófaðu nettengingu Nova. Þú hefur 10 daga til að finna út hvort þjónustan hentar þér.

Allar nánari upplýsingar á nova.is

**10 daga
reynslutími!**



Nettenging fyrir heimilið og/ eða sumarbústaðinn.
Hentar ef fleiri en ein tölva er á heimilinu.



Nettenging fyrir fartölvuna. Fartölvan alltaf tengd netinu hvort sem þú ert heima eða á ferðinni.

3G internet

1.990 kr. /mán.

Allt að 5 Mb/s hraði og 5 GB netnotkun innifalin á mánuði.

3G internet er nettenging sem hentar fyrir alla almenna netnotkun. Það dugar flestum að nota 5 GB á mánuði. Komdu til Nova og fáðu pung eða box til að tengjast netinu. Þetta er einfaldara en það hljómar!

Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mánuði + 250 kr. greiðslugjald, greitt með kreditkort.
Pungur útborgun: 0 kr. Box útborgun: 4.900 kr.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Stjórnarsamstarfið í uppnámi

Algjör óvissa um framhald stjórnar

Forystumenn stjórnarflokkanna segja það ráðast í dag hvort stjórnin lifir áfram. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að taka afstöðu til krafna Samfylkingar um breytingar. Samfylkingin hefur orðað það að taka að sér forystu ríkisstjórnar. Þingflokkar funda um málið í dag.

Ekki fékkst niðurstaða í ágreiningsmálum stjórnarflokkanna í gær þrátt fyrir stíf fundarhöld á heimilum flokksformannanna tveggja. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir það verða að skýrast í dag hvort stjórnin haldi. Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist telja líklegt að málið kláraðist í dag.

Samfylkingin hefur sett fram kröfur um breytingar. Ingibjörg Sólrún sagði að eftir afsögn viðskiptaráðherra og forsvarsmanna Fjármálaeftirlitsins í gærdeg hljóti menn nú að beina sjónum sínum að Seðlabanka Íslands. „Ég tel að ef við ætlum að búa til hérna sæmlega sátt um framhaldið, allavega að gera tilraun til þess, þá hljóti böndin að berast að Seðlabankanum. Það hefur verið þannig síðan í haust og sú áhersla hefur ekkert minnkað,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Geir H. Haarde segir að menn eigi ekki að rasa um ráð fram í þessum efnum. Ákveðin vinna sé í gangi á vegum finnsks sérfræðings sem starfar fyrir Fjármálaeftirlitið. „Ég hef rætt þann möguleika að sameina Fjármálaeftirlit og Seðlabanka, að einhverju leyti að minnsta kosti.“ Geir segist þó engar breytingar útiloka.

Meðal þess sem bar á góma á fundi formannanna í gær var að Samfylkingin tæki að sér forystu í ríkisstjórninni. Ingibjörg Sólrún sagði það vel koma til greina. Allt væri uppi á borðinu.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sagði allt óvíst um stjórnarsamstarf. „Hún gæti fallið, hún gæti staðist, það er erfitt að segja til um það á þessu stigi,“ segir hann. Ágúst segir skýrar kröfur um breytingar, á Seðlabanka, hvað varðar áherslur fyrir heimilin og einnig um Evrópumál. „Ef þessi ríkisstjórn á að lifa er augljóst að það verður að gera breytingar. Við sáum ákveðnar breytingar í morgun [í gær] þegar Björgvin sagði af sér, en þetta er allt saman óljóst.“

Þingflokkar funda í dag klukkan 10 og í framhaldi þeirra funda munu formennirnir hittast á ný. Þá verður tekin ákvörðun um það hvort ríkisstjórnin lifir eður ei.

Bæði Geir og Ingibjörg tóku það fram að þau hefðu ekki átt í neinum samtölum við aðra flokka um annars konar stjórnarsamstarf. Spurður um hugmyndir um þjóðstjórn sagði Geir: „Ég hef leitt hugann að ýmsu og aðalatriðið er það að það sé hægt að stjórna landinu fram að kosningum.“

kolbeinn@frettabladid.is



10:30 Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra tilkynnir um afsögn sína og stjórnenda Fjármálaeftirlitsins á fundi með fjölmiðlafólki.



HÁDEGI Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra koma til fundar við Geir H. Haarde forsætisráðherra og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra á heimili Geirs.



UM KL. 13 Fundi forsvarsmanna stjórnarflokkanna lýkur. Ingibjörg ræðir við fjölmiðlafólk. Geir ræðir við fjölmiðla eftir að Ingibjörg er farin. Við tekur fundur Geirs með Þorgerði Katrínu. Á þriðja tímanum bættist Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, í hópinn.



UM KL. 15 Ingibjörg fundar með Össuri Skarphéðinssyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Lúðvíki Bergvinssyni og Skúla Helgasyni.



UM KL. 17 Ingibjörg og Össur koma aftur til fundar við Geir og Þorgerði Katrínu.



UM KL. 18 Fundi lýkur, Ingibjörg kemur út og ræðir við fjölmiðlafólk um atburði dagsins. Geir ræddi við fjölmiðlafólk fyrir utan heimili sitt skömmu síðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

100.000 vörunúmer. 1 símanúmer.

Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.

Gerðu vel við bílinn þinn!

VARAHLUTIR
3 ÁRA
ÁBYRGÐ

N1 440 1000 N1.IS

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

HVESSIR Í DAG
Það mun bæta í úrkomuna suðvestanlands eftir því sem líður á daginn og í kvöld má búast við talsverðri rigninu eða slyddu sunnan- og vestanlands og snjókomu norðan til. Það mun stytta upp viðast hvar á morgun en dálítill el verða á stöku stað sunnan og vestan til.

Á MORGUN
Fremur hæg suðlæg átt, 3-8 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR
Hæg suðaustlæg eða breytileg átt.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	2°
Billund	3°
Ósló	0°
Stokkhólmur	3°
Gautaborg	2°
London	7°
París	6°
Frankfurt	4°
Friedrichshafen	6°
Berlín	3°
Alicante	14°
Mallorca	13°
Basel	7°
Eindhoven	4°
Las Palmas	19°
New York	1°
Orlando	25°
San Francisco	12°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Fitness

MINNI SYKUR

Miklu meiri hollusta

Fitness er heilsumorgunkorn sem stendur undir nafni. Það hefur heilhveiti að undirstöðu og inniheldur 24% minni sykur en sambærileg heilsumorgunkorn, meira magn trefja og minni fitu.



*Láttu skynsemina ráða.
Hreyfðu þig reglulega og njóttu þess
að borða heilsusamlega.*

Stjórnarsamstarfið í uppnámi

Forstjóri FME hættir og stjórnin hefur sagt af sér í kjölfar óska viðskiptaráðherra:

Fær biðlaun í tólf mánuði

Stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) hefur samið við Jónas Fr. Jónsson, forstjóra eftirlitsins, um að hann hætti störfum frá og með 1. mars næstkomandi. Stjórnin óskaði eftir því að vera leyst undan störfum í kjölfarið. Jónas fær biðlaun í tólf mánuði, lögum samkvæmt.

Björgvin G. Sigurðsson tilkynnti í gær um afsögn sína úr embætti viðskiptaráðherra. Á sama tíma tilkynnti hann að hann hafi óskað eftir því við stjórn FME að hún gengi frá starfslokum Jónasar og segði af sér í kjölfarið.

Stjórnin fundaði í höfuðstöðv-



JÓN SIGURÐSSON

JÓNAS FR. JÓNSSON

um Fjármálaeftirlitsins um miðjan dag í gær. Í tilkynningu stjórnarinnar, sem send var fjölmiðlum í gær, kemur fram að orðið hafi

verið við óskum Björgvins. Jónas á rétt á biðlaunum í tólf mánuði frá því hann lætur af störfum þann 1. mars næstkomandi. Laun hans eru um 1,7 milljónir króna á mánuði, og fær hann því ríflega 20 milljóna króna starfslokagreiðslu.

Ekki náðist í Jón Sigurðsson, fráfarandi formann stjórnar FME, við vinnslu fréttarinnar.

Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis sagðist Jón reikna með því að segja sig úr stjórn Seðlabankans í kjölfarið. Hann situr þar sem fulltrúi Samfylkingarinnar.

- bj

Afsögn Björgvins úr embætti:

Erlendir miðlar áhugasamir

Flestir af stærstu fréttamiðlum heims, bæði evrópskir og bandarískir, greindu frá afsögn Björgvins G. Sigurðssonar sem viðskiptaráðherra í gær.

AP-fréttastofan, Reuters, Sky og CNN sögðu öll frá afsögninni og greindu í leiðinni frá hinum áköfu mótmælum gegn stjórnvöldum sem hafa átt sér stað að undanförunu. Einnig kom fram að Björgvin hafi sagt af sér aðeins tveimur dögum eftir að Geir H. Haarde forsætisráðherra tilkynnti um brotthvarf sitt úr embætti vegna veikinda.

- fb



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON Flestir af stærstu fréttamiðlum heims greindu frá afsögn Björgvins í gær.

Skúli Helgason segir Samfylkinguna ekki bíða lengur:

Segir Samfylkinguna hafa náð frumkvæðinu

Samfylkingin hefur undanfarna mánuði barist fyrir hreingerningun innan ríkisstjórnarinnar. Ætli Sjálfstæðisflokkurinn að eiga sér viðreisnar von hefur hann ekki annan kost en að endurnýja í yfirstjórn Seðlabankans.

Þetta skrifaði Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, á heimasíðu flokksins í gær. Þá hafði Björgvin G. Sigurðsson sagt af sér embætti viðskiptaráðherra og beitt sér fyrir breytingum á yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins.

„Samfylkingin hefur með ákvörðun Björgvins náð frumkvæði við stjórn landsins og sýnt að hún skilur að til að hægt verði að koma endurreisn samfélagsins á skrið þarf að endurnýja traust milli þjóðar og stjórnvalda,“ skrifar Skúli. Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki mætt kröfum Samfylkingarinnar um tiltekt í stjórnkerfinu, „aðgerðir sem lúta að siðferðilegri ábyrgð ráðamanna“, auk annars.

Skúli segir að ef núverandi ríkisstjórn starfi áfram sé eðlilegt að gera breytingar á skiptingu ráðuneyta milli flokkanna.

Hann segir jafnframt eðlilegt að auðmenn sem áttu stóran þátt í hrúni bankanna taki þátt í að fjármagna endurreisn samfélagsins, til dæmis með framlögum í eins konar Bjargráðasjóð heimilanna. Þá segir Skúli frestun landsfundar Sjálfstæðisflokksins afdrifaríkar pólitískar aðgerðir þar sem endur-



skoðun á Evrópastefnu flokksins sé í uppnámi. Frestunin sé hins vegar skiljanleg þegar veikindi forsætisráðherra eru höfð í huga.

„Samfylkingin hefur mikið verk að vinna á næstu 100 dögum. Við munum ekki hlaupast frá erfiðum verkum en hitt er morgunljóst að við munum ekki bíða lengur eftir því að samstarfsflokkurinn leggist á árarar með okkur í bráðnaðsynlegum björgunaraðgerðum,“ skrifar Skúli Helgason.

- bps

Þingfundur hefst klukkan þrjú:

Störf þingsins ákveðin í dag

Óvíst var í gærkvöldi hvernig störfum Alþingis yrði háttáð í dag.

Þingfundur hefst jafnan klukkan þrjú á mánuðögum.

Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að dagskrá þingfundarinnar væri óráðin. Ákvörðun þar um verður tekin snemma í dag.



STURLA BÖÐVARSSON

- bps

Óvissu um stjórnina verður að eyða strax

Stjórnarandstaðan segir að það verði að komast á starfhæf stjórn í landinu. Þjóðstjórn er nefnd en engar viðræður hafa átt sér stað. Stjórn málafræðingur segir málið verða að skýrast í dag og utanþingsstjórn gæti verið góður kostur.

„Ábyrgð okkar sem erum í pólitík er að setja lög og ramma um það hvernig á að bjarga atvinnulífinu í landinu áður en gengið verður til kosninga. Það er algjört ábyrgðarleysi ef við ætlum að ganga fram hjá því. Til þess þurfum við einhvern starfshæfan vettvang til að stjórna landinu og ef núverandi ríkisstjórn veldur því ekki verðum við að finna annað form.“

Þetta segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

Forsvarsmenn stjórnarandstöðuflokkanna eru sammála um að það verði að eyða þeirri óvissu sem ríkir um stjórn landsins. Ekki sé hægt að bíða lengur.

„Ríkisstjórnin er auðvitað í upplausn og þau hafa sjálf sagt að hlutirnir verði að skýrast í kvöld eða fyrri part morguns,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, í gær. „Ég er algjörlega sammála því. Boltinn er hjá þeim og þau verða að komast að niðurstöðu, nóg er nú óvissan og ringulreiðin samt.“

Steingrímur segir menn ekki hafa rætt saman um myndun stjórnar. „Við erum til reiðu, erum tiltæk og höfum lýst því yfir að við útilokum ekki neina möguleika sem að gagni geta komið. Við höfum bæði opnað á þjóðstjórn og lýst okkur reiðubúin að ræða aðra möguleika ef þeir verða uppi á borðinu, en við bíðum bara eftir því að málin skýrist í stjórnarherbúðunum.“

Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, segir ríkisstjórnina hafa runnið sitt skeið á enda. Miður sé ef menn ætli að taka hagsmuni flokkanna



SAMMÁLA Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón Arnar Kristjánsson, Birkir Jón Jónsson og Einar Mar Þórðarson segja að ákvörðun verði að taka í dag um framhald stjórnarsamstarfs.

fram hagsmunum þjóðarinnar. „Ég held einfaldlega að sá tími sem stjórnarflokkarnir hafa til að leysa þessi mál sé liðinn. Fólk hefur bedið allt of lengi eftir að gerðar séu ásættanlegar breytingar á ríkisstjórn, Fjármálaeftirliti og Seðlabanka.“

Ég tel mjög brýnt við aðstæður sem þessar að nýr aðilar komi að stjórn mála og við fáum sem allra fyrst kosningar þannig að það verði ríkisstjórn sem er með ótvírætt umboð frá almenningi til

að takast á við þau vandamál sem blasa við, því þessi ríkisstjórn er það ekki.“

Einar Mar Þórðarson stjórn málafræðingur segir það verða að skýrast í dag hvaða ríkisstjórn er í landinu. Hann segir það raunhæfan kost í stöðunni að mynda utanþingsstjórn sérfræðinga fram að kosningum. Flokkarnir geti þá einbeitt sér að kosningabaráttu og þeirri endurnýjun sem þurfi að fara fram innan þeirra.

kolbeinn@frettabladid.is

Ungir nágrannar Geirs höfðu áhyggjur af stöðu forsætisráðherrans:

Geir er mjög góður maður

Þeir Daníel og Guðjón kíktu í heimsókn til nágranna síns, Geirs H. Haarde, um hádegisbilið í gær. Þeir sögðust hafa áhyggjur af stöðunni því þeir vissu að allir væru á móti honum. Hann væri mjög góður maður sem ekki ætti að mótmæla.

„Við heyrðum að allir væru á móti þér,“ sögðu þeir félagar þegar þeir heilsuðu Geir á tröppunum við Granaskjól. Geir fagnaði komu þeirra, en heimsókn þeirra félagar var kærkomin stuðningsyfirlýsing í umróti gær dagsins.

Drengirnir sögðust hafa sagt Geir að hann ætti að vera áfram

forsætisráðherra. Allir væru að mótmæla en Geir væri voða góður maður. Þeim leist heldur illa á mótmælunum. „Að henda eggjum í Stjórnarráðið og brjóta rúður, það er ekki mjög gott,“ sögðu þeir.

Þeir sögðu Geir hafa tekið þeim vel, en hann hefði ekki rætt mikið við þá um stöðu sína. Þeir hefðu í raun bara viljað heilsa upp á hann.

Fréttamenn sátu fyrir utan heimili Geirs um stund í gær og bíðu fregna af ríkisstjórnarsamstarfinu. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Óssur Skarphéðinsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir funduðu þar í gær.

- kóp



STUÐNINGSMENN Daníel og Guðjóni finnst Geir mjög góður maður og vilja hafa hann áfram sem forsætisráðherra. Þeim finnst ekki gott að fólk kasti eggjum í Stjórnarráðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



www.gitarskoli.is

Gítarnámskeið

Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna hefst 26.janúar.

Gítarkennsla er okkar fag!

12 vikur – 40 mínútna tímar – 1 sinni í viku.

Einkatímar Verð kr. 47.000.-

Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. www.itr.is

Skráning hafin í síma 581-1281

Gitarskoli@gitarskoli.is • www.gitarskoli.is



60%
afsláttur
af öllum vörum

B & S
KONUR

B&S Kringlunni | 553 4141

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND

Stjórnarsamstarfið í uppnámi

Átta ráðherrar hafa sagt af sér frá árinu 1917:

Afsögnin óvenjuleg

Afsögn Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra markar viss tímamót þegar hún er borin saman við aðrar afsagnir ráðherra hér á landi, segir Gunnar Helgi Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Björgvin er áttundi ráðherrann sem segir af sér af öðrum en persónulegum ástæðum frá því fyrsta ríkisstjórn landsins var mynduð árið 1917.

Afsögn Björgvins er óvenjuleg, og er þetta í fyrsta skipti sem íslenskur ráðherra axlar pólitíska ábyrgð á hneykslismáli með afsögn, sem gerist af og til í nágrannalöndunum segir Gunnar Helgi. Fyrirrennarar Björgvins hafi yfirleitt sagt af sér en haldið



GUNNAR HELGI KRISTJÁNSSON

því á sama tíma fram að þeir hafi ekki gert neitt ámælisvert.

Gunnar segir erfitt að meta hvort vatnaskil hafi orðið með afsögn Björgvins, en segist vonast til þess að íslenskir ráðherrar axli í auknum mæli pólitíska ábyrgð.

-bj



HÆTTUR Björgvin G. Sigurðsson upplýsti um afsögn sína úr embætti viðskiptaráðherra á fundi með blaðamönnum í gærmorgun. Hann tók ákvörðunina kvöldið áður án þess að ráðfæra sig við aðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Velti afsögn mörgum sinnum fyrir sér

Björgvin G. Sigurðsson hafði ekki samráð við aðra um að segja af sér ráðherradómi. Hann segir ástandið í samfélaginu óbærilegt. Nauðsynlegt sé að skapa vinnufrið fram að kosningum. Hann ætlar að sækjast eftir endurkjöri til þings.

„Mér finnst ástandið í samfélaginu óbærilegt og krafan um að stjórnvöld axli ábyrgð er skiljanleg. Það hefur orðið rof á trausti og einhver þurfti að höggva á hnútinn svo nýir menn geti komið að verkum í Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum.“

Þetta segir Björgvin G. Sigurðsson sem í gær baðst lausnar frá embætti viðskiptaráðherra. Samhliða óskaði Björgvin eftir því að stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) gengi frá starfslokum forstjóra þess, Jónasar Fr. Jónssonar, og segði af sér í kjölfarið.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Björgvin nauðsynlegt að stjórnvöld fái vinnufrið fram að kosningum. Hann hafi oft velt fyrir sér afsögn til að eiga þátt í að skapa slíkan frið.

„Fyrstu vikurnar eftir bankahrunið ákvað ég að vinna að því

með öðrum að koma í veg fyrir að aðstæður yrðu verri en þegar á leið velti ég þessu mörgum sinnum fyrir mér. Ég var stundum nálægt því að segja af mér en ákvað jafnan að sjá hvort tækist að skapa traust. Það er svo dálítið síðan mér varð ljóst að okkur hefði mistekist, eins og blasir við, og nú fannst mér lag að biðjast lausnar því það þarf að ráða til lykta hvernig landinu verður stýrt fram að kosningum.“ Björgvin kveðst vona að ákvörðun hans um að axla ábyrgð verði til að skapa starfsskilyrði fyrir ríkisstjórnina sem hann vill að sitji áfram. Aðspurður kveðst hann ekki vilja taka afstöðu til þess hvort fleiri ráðherrar eigi að fara að dæmi hans.

Ekki kom til greina af hálfu Björgvins að víkja stjórn og forstjóra FME en sitja sjálfur áfram. „Ég reyni ekki að skjóta öðrum

fyrir mig sem skildi,“ segir hann.

Björgvin tók ákvörðun sína um afsögn á heimili sínu á Selfossi á laugardagskvöld. Hann ráðfærði sig ekki við aðra en upplýsti formenn stjórnarflokkanna um ákvörðunina í gærmorgun, áður en hann boðaði blaðamenn á sinn fundi. Þá hafði hann einnig upplýst forstjóra og stjórnarformann FME um áform sín.

Björgvin mun gegna þingmennsku út kjörtímabilið og hyggst gefa kost á sér til endurkjörs í kosningunum sem allt stefnir í að verði í vor. „Ég vona að haldin verði opin prófkjör svo ég get sótt nýtt umboð. Það verður því undir kjósendum komið hvort ég held stjórnmalastörfum áfram.“ Björgvin afsalar sér rétti til biðlauna ráðherra.

bjorn@frettabladid.is

ÁTTA SAGT AF SÉR

- 2009 Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra**
Sagði af sér rúðum 100 dögum eftir hrun íslenska fjármálakerfisins.
- 2006 Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra**
Sagði af sér í kjölfar hruns á fylgi Framsóknarflokksins í sveitarstjórnarkosningum.
- 1994 Guðmundur Árni Stefánsson félagsmálaráðherra**
Sagði af sér eftir gagnrýni ríkisendurskoðanda á embættisveitingar.
- 1994 Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra**
Gekk úr Alþýðuflokknum og sagði af sér sem ráðherra eftir langvarandi átök milli hennar og Jóns Baldvíns Hannibalssonar.
- 1987 Albert Guðmundsson fjármálaráðherra**
Sagði af sér eftir að í ljós kom að fyrirtæki hans hafði vantalið tekjur á skattskýrslum.
- 1943 Jóhann Sæmundsson félagsmálaráðherra**
Sat í utanþingsstjórn og sagði af sér í mótmælaskyni eftir að Alþingi gerði viðamiklar breytingar á frumvarpi hans.
- 1932 Magnús Guðmundsson dómsmálaráðherra**
Sagði af sér eftir að hafa hlotið dóm í máli sem tengdist gjaldþrotaskiptum heilsala, en tók við embættinu aftur eftir að hafa verið sýknaður í Hæstarétti.
- 1923 Magnús Jónsson fjármálaráðherra**
Sagði af sér eftir ásakanið á Alþingi um spillingu í tengslum við leigu á herbergi á Hótel Borg.



Kellogg's Special K kemur mér á sporið

Við fjölskyldan borðum alltaf morgunmat, eins og t.d. Kellogg's Special K. Það auðveldar mér líka að komast á sporið á ný eftir jólaboðin og áramótin. Með vel samsettum morgunmat hættir mér líka miklu síður til að detta í óhollustu á miðjum morgni eða fituríkan skyndibita í hádeginu. Eftir allt laufabrauðið og heimagerða konfektíð mitt yfir jólin er frábært að eiga gómsæta Special K stöng að grípa til. Þá þarf ég heldur ekki að hafa neinar áhyggjur af því að innbyrða of margar hitaeyningar.



Mig langar til að ...

... geta verið löt að loknum vinnudegi þegar börnin eru sofnuð enda eru letiköst eitt helsta áhugamál mitt. Í sjónvarpsófanum með Kellogg's Special K bliss og góða bíómynd. Er það ekki bara allt í lagi?

Kristjana Guðbrandsdóttir, blaðamaður og móðir



specialk.is

ÚTSALA

ATH.

Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

Visco X dýna
Queen – 153x203
Áður 114.900. – Nú 79.900

Beauty Sleep
Queen – 153x203
Áður 89.900 – Nú 79.900

Box dýna – 140x200
Áður 64.900 – Nú 49.900



IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
ÍSLENSK HÖNNUN

IQ-CARE Tilboð

King og Cal. King.
Áður 269.900. – Nú 199.900

Queen
Áður 189.900 – Nú 149.900

TAKMARKAÐ MAGN



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x90 x 200 cm. Áður 409.900

Nú 299.900

IQ-CARE



Sængur,
30% afsláttur,
Takmarkað magn
Sængurverasett
20% afsláttur



Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900

Nú 499.000

20-25% afsláttur
af teppasettum
og húsgögnum
20% afsláttur
af svefnsófum



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



GRÓÐURHÚSAGEIMFLAUG Þessi geimflug, af gerðinni H2A, var skotið út í geiminn frá sunnanverðu Japan á fimmtudag. Flugin fær það verkefni að fylgjast með gróðurhúsalofttegundum, og hún er sú fyrsta sem skotið er á loft í þeim tilgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi flokka:

Óákveðnum fjölgar

SKOÐANAKÖNNUN Stór hluti óánægðra kjósenda, sem í fyrri skoðanakönnunum Fréttablaðsins hafa stutt Sjálfstæðisflokkinn og Samfylkinguna, eru ekki tilbúnir til að leggja lag sitt við neinn af stjórnálflokkunum og telja sig óákveðna.

Frá því í janúar á síðasta ári hefur óákveðnum, sem hluti af öllum svarendum, fjölgað úr 20,5 prósentum í 36,4 prósent, um tæp sextán prósentustig. Frá því í könnun blaðsins í nóvember þar til í janúar fjölgaði óákveðnum um sjö prósentustig, úr 29,4 prósentum.

Ef litið er til svarenda allra, en ekki bara þeirra sem tóku afstöðu, jókst fylgi Framsóknarflokksins,

frá nóvember þar til í janúar um 4,9 prósentustig, og fylgi Vinstri grænna jókst á sama tíma um 1,6 prósentustig.

Fylgi Samfylkingar á sama tíma dregst saman um 7,7 prósentustig af öllum svarendum, og fylgi Sjálfstæðisflokks dregst saman um 1,9 prósentustig.


Stærsti hópurinn, fyrir utan þá sem yfirgefa Samfylkinguna, er því hópurinn sem nýlega varð óákveðinn og finnur sig ekki í núverandi stjórnálflokkum.

Miðað við hve hópur óákveðinna er orðinn stór geta því miklar sveiflur orðið á fylgi flokka á komandi mánuðum.

- 55

Hlutfall óákveðinna

af öllum svörum í könnunum Fréttablaðsins síðustu tólf mánuði.



Bankastjóri bjartsýnn á 2010:

Óvissa á evrusvæðinu í ár

EFNAHAGSMÁL Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, sagði á fundi efnahagsnefndar Evrópuþingsins í síðustu viku að bankinn ætli að leggja sitt af mörkum svo aðstæður í hagkerfi evrulandanna versni ekki frekar.

Hann studdi aðgerðir Breta og Frakka til að koma bönkum til bjargar og sagði útlit fyrir að ríkisstjórnir evrulandanna verði ráðandi aflið sem knýja muni hagkerfið áfram á meðan versti samdrátturinn gangi yfir. Bankastjórinn sagði mikla óvissu um þróun efnahagsmála á evrusvæðinu á þessu ári. Reikna megi með batamerkjum á næsta ári. - jab



NÝ
VARA

Hin einu sönnu
SKÓLABJÚGU

eru loksins fáanleg í næstu stórverslun



Einfaldur og góður
matur fyrir svanga
og káta krakka.

Þarf bara að hita upp
og borða!



HAGKAUP
Ein ferð betra vers

KRÓNAN

FK
FJARÐARKAUP

Samkaup

NÓATÚN



BIÐRÖÐ EFTIR AÐSTOÐ Palestínúmenn í biðröð eftir matvælaaðstoð hjá dreifingarsjóð Sameinuðu þjóðanna á Gasa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áfram rætt um vopnahlé

Egyptar hafa milligöngu um viðræður um framhald vopnahlés á Gasa. Hamas deilir út aðstoð. Ísraelar hóta enn leiðtogum Hamashreyfingarinnar.

GASABORG, AP Hundruð manna hlupu í ofboði út úr nokkrum stjórnarbyggingum á Gasasvæðinu í gær þegar orðrómur komst á kreik um að Ísraelar ætluðu að gera nýja sprengjuárás.

Ekkert reyndist hæft í orðrómnunum. Hamashreyfingin bað fólk um að sýna stillingu, vopnahléið væri enn í fullu gildi og samningafundur stæðu yfir í Egyptalandi.

Orðrómurinn virtist fara á kreik í framhaldi af orðum ísraelska ráðherrans Shauls Mofaz, sem minnti Palestínúmenn á örlög Sheiks Ahmeds Yassins, andlegs leiðtoga og eins stofnenda Hamashreyfingarinnar, sem ísraelskir útsendarar drápu fyrir fimm árum.

„Ég vil segja leiðtogum Hamas, og misskiljið mig nú ekki,“ sagði Mofaz: „Enginn ykkar getur um frjálst höfuð strokið á götum Gasa fyrr en Schalit fær frelsið,“ en Schalit er ísraelski hermaðurinn Gilad Schalit, sem hefur verið gísl herskárra Palestínúmanna á Gasasvæðinu síðan 2006.

Æðstu leiðtogar Hamas á Gasasvæðinu hafa ekki sést opinberlega eftir hinar heiftarlegu árásir Ísraels hers á lauk fyrir rúmri

viku. Millistjórnendur hreyfingarinnar mættu hins vegar til vinnu sinnar í gær, sumir í rústum skrifstofubygginga samtakanna í Gasaborg.

Sendinefnd frá Hamas fór til viðræðna við egypska embættismenn í gær til að semja um að landamærin verði opnuð, en þau hafa verið lokað að mestu síðan Hamas tók sér völd á Gasaströnd í júní 2007.

Einnig standa yfir viðræður milli Ísraela, Bandaríkjamanna og Egypta um það hvernig koma megi í veg fyrir vopnasmygl Hamas inn á Gasasvæðið.

George Mitchell, nýskipiður sendifulltrúi Baracks Obama Bandaríkjaforseta í Mið-Austurlöndum, er væntanlegur til Ísraela á miðvikudag og mun ræða bæði við Ísraela og Palestínúmenn á Vesturbakkanum.

Hamashreyfingin hóf í gær að deila út peningaaðstoð til þeirra íbúa á Gasasvæðinu sem urðu fyrir tjóni af völdum árása Ísraela. Penningarnir koma fyrst í stað úr sjóðum hreyfingarinnar, sem nýtur fjárhagsstuðnings frá Íransstjórn og velunnurum víða um heim.

gudsteinn@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Systkin dæmd í Hæstarétti: Skölluðu og bitu varðstjóra

DÓMSMÁL Systkin hafa verið dæmd í Hæstarétti í fjögurra ára skilorðsbundið fangelsi hvort um sig fyrir að ráðast á varðstjóra í anddyri lögreglustöðvarinnar í Hafnarfirði. Pilturinn, sem þá var sautján ára, skallaði hann tvisvar í andlit. Konan, sem þá var 23 ára, klóraði hann í framan og beit í upphandlegg hans.


Lögreglan hafði tekið áfengi af piltinum. Systkinin hugðust sækja dreitilinn í greipar laganna varða með ofangreindum afleiðingum.

Héraðsdómur hafði dæmt systkinin í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi en Hæstiréttur þyngdi þann dóm.

- jss

Neytendur: Siðferðileg innkaup

Vörur frá Ísrael sniðgengnar



DR. GUNNI
neytendur@
frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Hákoni Má Oddssyni ofbýður ofbeldisverk Ísraelsmanna. „Ég sem neytandi hef áhuga á að vita hvaða vörur í búðunum eru frá Ísrael svo að hægt sé að sniðganga þær og tryggja að maður sé ekki að styrkja hernað þeirra gegn börnum og konum,“ skrifar hann. „Fór í Bónus í dag og sá sellerí sem virtist ferskt og flott en á kassanum sem var utan um vöruna kom fram að uppruni væri Carmel og ég hætti samstundis við að kaupa sellerí. Mér er óglatt af tilhugsuninni að ég væri að borða mat hvurs ágóði sé notaður til að myrða saklaus börn. Gætirðu hjálpað okkur neytendum með að grafa upp hvaða vörur koma frá Ísrael svo við getum sniðgengið þær?“

Stærsti hluti innflutnings hingað frá Ísrael er ávextir og grænmeti. Vörur eiga að vera merktar í búðunum eftir upprunalandi. Í grænmetisdeildinni sá ég að sumar kryddjurtir sem Bónus er að selja eru frá Ísrael. Einnig avókadóið, bæði í lausu og í neti. Annað sá ég ekki merkt Ísrael. Ávextir og grænmeti eru árs-tíðarbundnar afurðir og misjafnt eftir árstíðum hvaðan vörurnar koma. Neytendur verða því að vera á tánum.

Ég hafði samband við tvo innflytjendur. Örvar hjá Bónus segir að það

komi tveir kassar á viku af Sharon fruit (kaki) frá Ísrael. Stundum eru sætu kartöflurnar frá Ísrael og eitthvað af kryddjurtum. Sigurður hjá Búri fullyrðir að fyrirtækið flytji ekkert inn frá Ísrael í augnablikinu – „og við myndum hika verulega við það eins og málum er háttað í dag,“ segir hann. Frægasta ísraelska vörumerkið er líklega Jaffa, en appelsínur og fleiri ávextir frá því fyrirtæki hafa fengist hér. Hallamál, kítti og verkfæri eru flutt inn frá Ísrael þó í litlum mæli sé.



AVÓKADÓ gæti verið frá Spáni, Chile, Perú ... eða Ísrael?

Sjónvarpsstöðin Al Jazeera:

Náði athygli Bandaríkjamanna

KATAR, AP Arabíska sjónvarpsstöðin Al Jazeera náði í fyrsta sinn athygli Bandaríkjamanna svo heitið geti þegar árástir Ísraela á Gasasvæði stóðu yfir fyrstu þrjár vikur mánaðarins.

Sjónvarpsstöðin, sem hefur aðsetur í Katar, var með fréttamenn inni á Gasasvæðinu og sýndi mun meira af myndum frá hörmungunum heldur en bandarískar sjónvarpsstöðir.

Bandaríkjamenn gátu þó ekki fylgst með þessari sjónvarpsstöð í gegnum kapalsjónvarp, heldur urðu að treysta á netsendingar.

- gb

1.410 nýir nemendur:

Metfjöldi við Háskóla Íslands

MENNTUN Metfjöldi er nú við nám í Háskóla Íslands, en 1.410 nýir nemendur settust á skólabekk nú um áramótin. Af þeim hófu 650 grunnnám og 760 framhaldsnám.

Heildarfjöldi stúdenta við Háskólann Íslands er nú 13.650. Háskólinn stækkaði mikið við sameiningu við Kennaraháskóla Íslands. Þessi mikli fjöldi nýnema um áramótin þýðir einnig 10 prósentu fjölgun.

Hlutfall þeirra sem staðfestu nám sitt með því að greiða staðfestingargjald er mun hærra en áður hefur verið.

- kóp

LÖGREGLUFRETTIR

Dufl fannst í fjöru

Torkennilegt dufl fannst í fjörunni á Langanesi í gær og hafði lögreglan í Þórshöfn samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar. Sprengju-sveit gæslunnar vinnur að rannsókn málsins.

Tók línubát

Varðskip Landhelgisgæslunnar tók í gær línu- og handfærabátinn Ólaf HF200 sem var staðinn að ólöglegum veiðum á skyndilokunarsvæði norður af Vatnleysuströnd.

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

LYFJAVER APÓTEK

NICOTINELL

Nicotinell Fruit 2 mg

JANÚARTILBOÐ: **VERÐ 4.459.-** FRUIT, 204 stk.

LYFJAVER - VERÐPRESSARINN!

SUÐURLANDSBRAUT 22

VIRKA DAGA 08:30 - 18:00
LAUGARDAGA 10:00 - 14:00

PHLETTÖK Jan 09

Umhverfis- og orkurannsóknasjóður Orkuveitu Reykjavíkur



Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, sem hefur 100 milljónir króna til ráðstöfunar árið 2009.

Veittir eru styrkir í tveimur flokkum. Í opnum flokki ræður þitt hugarflug ferðinni. Í lokuðum flokki höfum við sérstakan áhuga á að styrkja eftirtalin verkefni:

- Betri og fjölbreyttari nýting orku og efna í jarðhitavökva
- Rannsóknir á botnseti í Skorradalsvatni
- Mat á truflunum í húsveitum notenda
- Efnisval við nýtingu jarðhita
- Áhrif hlýnunar jarðar á fráveitukerfi OR
- Rafvæðing einka- og almenningssamgangna
20 fm íbúðarherb. í miðbæ Rvk. Leiga 65þ. með hita. 2 herb. íbúð í tvíbýli, Hfj. Leiga 77þ. með hita. S. 555 4968 & 821 4978.

Til leigu 40fm íbúð m/sérinngangi í Breiðholti sv 111. Langtímaleiga S. 6992356

300 fm einbýlishús við Erluás í Hafnarfirði til leigu. Fráær staðsetning, flott útsýni, Fullbúð hús með heitum potti. Tilboð óskast. Uppl. hjá Eiríki í s. 862 3377

Glæsileg 3 herb. logaf
Í einbýli. Sér bílast-, sér inng., hiti í gólf, baðkar og sturtu, uppþvottavél. Allt nýtt, sjón er sögu ríkari. Uppl. í s. 897 2800.

4 herb. íbúð í 101 verð 140 þúsund, hita & rafm. innifalið. Sími 899 2230.

Til leigu í 101 Rvk. 3-4 herb. íbúð, langtímaleiga. V. 120 þ. á mán. m/hita. Laus fjótleiga. Uppl. í s. 893 1343.

200 Kóp. 4ra herb. góð íbúð við Fossvogsdal. Ísskápur, þvottavél og geymsla fylgir. Langtímaleiga, laus strax. 120þús+hiti/rafm.

105 -Hlíðar

Til leigu gott einbýlishús á 2 hæðum á göðum & barnvænum stað. Sérgarður & sér bílastæði. Leiga 110þ. m/hita. Laust strax. Uppl. í s. 863 3328/(846 0408 e.kl.13).

2ja herb. íbúð í Hraunbæ Rvk. Nýleg, sérinngangur. Langtímaleiga.Laus. S.8983420

Endaraðhús á bestastað á Selfossi til leiguf.m. 1.mars nk.Húsið er152m2 með Bílskúr. heitump. og stórumpalli. lóðafg. leiguv.125þúspr mán.Langtímal. einungis í boði. uppl ísima.:661-1762

Vesturgata 84 fm Lúxusíbúð í miðbæ Reykjavíkur. Leigist með öllum húsgögnum og húsbúnaði. Krummahólar, 4ra herb. íbúð í lyftuhúsi. 110 þús á mán. Skúlagata 3ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Verð 110 þús. Laus í mars 2009. Vantar allar gerðir eigna á skrá. ENGIN SKRÁNINGARGJÖL.

Fasteignasalan Gimli, S. 570 4800.

Ódýr og björt herb. með öllum húsbúnaði og nettengingu. Í sameigin eru 5 baðherb, þvottahús og eldunaraðstaða ásamt 50 ferm setustofu. Bjarni s. 663 9309.

101 Reykjavík. Góð herbergi á Lokastíg. Langtímaleiga. Verð 25.000 til 70.000. Laus strax. Upplýsingar í 861 4142, kl. 10-16 og ekki á öðrum tímum.

3ja herb. nýl. standsett íbúð til leigu í Hraunbæ. Hússj. og hiti innf. Laus strax og langtímaleiga. Uppl. í s. 862 5578.

Til leigu

5 herbergja hæð með bílskúr í Viðarás Reykjavík. Uppl. í s. 899 8811.

Til leigu 4ra herb. íb. Skugga 101R, svalir, bílsk. 150þ. mán+hússj. m/hita. S824 9098

30-120 fm geymslu- og atvinnuhúsnæði til leigu í Gbr. Uppl. í s. 844 1011.

Falleg 60 fm 2 herb íbúð til langtíma leigu í 104. S: 8447829

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Reglusamt ungt par óskar eftir íbúð í Hafnarfirði frá 1.mars, allt kemur til greina. s: 823-2959, 699-7124, 821-0924.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð í Mos. Skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í s. 772 1455.

2ja -3ja herb. íbúð í úthverfum Reykjavíkur.
4ra herb. íbúð í Vatnsendahverfinu. Fasteignasalan Gimli, S. 570 4800.

+Listahátíðin artFart óskar eftir húsnæði í Rvk. Svarist á svsvidlist@gmail.com+

Húsnæði til sölu

Mosfellsbær
Til sölu fokhelt parhús 197,5 fm, einbýlishús á byggingarstigi 260 fm og einbýlishús fullbúð 176 fm. Athuga öll skipti. Öll almenn trésmíði, mót og krani.
Upplýsingar í s. 897 8918

Atvinnuhúsnæði

Til leigu á besta stað v/ Helluhraun Hafnarfirði 200fm + 90fm öflugt milli-loft. Mikil lofthæð. Innkeyrsludyr h4,5m. Laust. Sanngjörn leiga kr. 240.000. S.898-3420

Íðnaðarhúsnæði, 91 fm. með kaffistofu og innkeyrsludyrum. Lh. 3.20. Til langtímaleigu, Viðarhöfða 2. Bónstóðin við hlíðina sýnir.

Til leigu 80m2 iðnaðarhúsn. með 4x4m hurð í Hafnarfirði. Uppl. í 6934704

Hljómsveitarhúsnæði til leigu. Uppl. rkraf@internet.is

Til leigu 107 m2 mjög snyrtilegt iðnaðar/skrifstofupláss í Hfn. 35m2 vinnusalur. Stór hurð 4,2m og flisar. Tvær 36m2 skrifstofur með öllum lögnum og smældhú. Upplagt fyrir hönnun, skrifstofur, heildsölu, léttan iðnað. S. 6601060

Geymsluhúsnæði

Til leigu 9fm geymsluh á Laugavegi nál. Hlemmi, 1. hæð sér inng. 25-30 þ. 8497209

geymslaeitt.is

Til leigu sér geymslubíll 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Bílskúr

Óska eftir að leigja bílskúr uppl í síma 691-5000 Einar

Gisting

Fullbúinn 3 herb íbúð til leigu í lengri eða skemmri tíma. uppl www.annholt.is

GISTING Í KAUPMANNAHÖF - TILBOÐ

Fullbúinn lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Gistinóttin á aðeins 750 dkr fyrir 3ja herb. íbúð fram til 1. apríl 2009. Nánari uppl. í s. 891 8612, +45 27111038 www.stracta.com eða anna-lilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

Sparta hárstofa Laugarásvegi 1

Getum bætt við okkur göðum hársnyrti og nema. Uppl. í síma 896 3963, Særund og Systa.

Vélavörður

Vélavörður vanann netaveiðum vantar á 280 tonna netabát frá Grindavík. Uppl. í s. 426 8286.

Finnst þér gaman að daðra við karlmenn ?

Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur á aldrinum 20-40 ára. Góðir tekjumöguleikar, frjáls vinnutími. Nánari upplýsingar á www.chat.is (atvinna).

Atvinna óskast

Óska eftir sendla störfum, er með nýj-ann sendibíl. Allt kemur til greina. S. 899 0304.

Getum bætt við okkur verkefnum í nýsmíði og viðhaldsverkefnum. Uppl. gefur Benedikt í s. 892 1079.

TILKYNNINGAR

Einkamáll

Símabjónusta Spjalldómur

S. 908 6666.

opið allan sólarhringinn

SÍMABJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort, karlar)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9588 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Hressandi starf

Vegna breytinga á dreifingarfyrikomulagi erum við að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð á morgnana frá kl.06 - c.a. 07.

Um er að ræða hverfi í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.



Dreifing fer fram 6 daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.

Nánari upplýsingar gefur dreifingarveild Pósthússins

í síma 585 8330 og 585 8330



Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is

Betra er seint en aldrei



NOKKUR ORÐ
Pórunn
Elísabet
Bogadóttir

Síðasta vika hefur verið ein sú besta í langan tíma. Loksins fór eitthvað að gerast. Þjóðin hafði komið saman fjölmarga laugardaga og á nokkrum borgarafundum, og mótmælt því ástandi sem hefur skapast og fólkinu sem kom okkur þangað sem við erum í dag. Þolinmæðin og þrautseigjan var ótrúleg, og var orðin allt of mikil. Auðvitað hlaut að koma að því að það syði upp úr, það hreinlega varð að gerast. Það hafði ekki verið hlustað, kröfurnar voru ekki nógu háværar fyrir ráðamenn.

Alla síðustu viku lá þessi bylting í loftinu og það var ekki bara vegna lyktarinnar af brennandi bálköstum. Andrúmsloftið var rafmagnað, ekki bara við Austurvöll, Stjórnarráðið eða Þjóðleikhúsið, heldur um allan miðbæinn.

Íslendingar virðast loksins vera að ná tökum á því að mótmæla almennilega. Það voru smá hnökur í fyrstu, og svartir sauðir sem höguðu sér fáránlega, en upp til hópa hafa íslenskir mótmælendur komið mjög sterkir til leiks með friðsamlegum mótmælum og af virðingu við þá sem áttu það skilið. Með því að færa mótmæli til að leyfa syrgjandi fólki að jarða ástvin, og með því að slá skjaldborg um lögreglumenn til að hindra að þeir yrðu fyrir árásum hafa mótmælendur komið til skila að þeir eru venjulegt fólk, á öllum aldri, sem hreinlega getur ekki lengur beðið eftir því að eitthvað gerist og breytist. Og loksins, loksins, kom að því að ráðamenn virðast hafa farið að leggja við hlustir. En mikil ósköp sem það þurfti að hafa hátt til þess að þeir heyrðu nokkuð.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



frá 69.650 kr.*

Perla Miðjarðarhafsins!

Mallorca

Frábærir gistivalkostir í boði!

Frábært verð
frá 79.650

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku með á Sorrento, 26. maí, 23. júní og 25. ágúst.

Frábært verð
frá 79.950

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Club Cala d'Or Park 26. maí, 23. júní og 25. ágúst.

Club Martha's Aparthotel

– glæsilegur nýr gistivalkostur



Nánari
upplýsingar
og bókanir á
www.heimsferdir.is



Veldu traustan ferðafélaga í sumar!



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



kl. 12.30

Dorothee Kirch og Markús Þór Andrésson, sýningarstjórnari, halda fyrirlestur um nám og störf sýningarstjóra í dag í stofu 024 í myndlistardeild Listaháskóla Íslands Laugarnesvegi 91 í Reykjavík. Þau vinna saman sem sjálfstæðir sýningarstjórnari og eru búsett í Berlín. Þau starfa nú að undirbúningi nokkurra verkefna sem tengjast samtímalist hér á landi, m.a. að stjórn íslenska skólans á Feneyjatvíringnum í sumar. Segja þau í máli og myndum frá nokkrum sýningum og öðrum verkefnum sem þau hafa komið að og eru í bígerð til þess að varpa ljósi á fjölbreytt hlutverk sýningarstjórnara.

menning

menning@frettabladid.is



MENNING Hrefna Haraldsdóttir og Matthías Imsland handsala samningi um stuðning Iceland Express við Listahátíð í Reykjavík í vor. MYND LISTAHÁTIÐ

Listahátíð fær styrktaraðila

Samstarfssamningur þess efnis að Iceland Express verði einn af aðalsamstarfsaðilum Listahátíðar í Reykjavík var undirritaður í vikunni. Er þetta í fyrsta sinn sem Listahátíð og Iceland Express starfa saman. Samstarfssamningur Listahátíðar og Iceland Express er til næstu tveggja ára og var undirritaður í höfuðstöðvum Iceland Express í Grímsbæ. Það voru þau Hrefna Haraldsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, og Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, sem undirrituðu samninginn. Við undirritun sagði Hrefna Haraldsdóttir að samstarfið við Iceland Express hefði mikið gildi. „Samstarfið er forsenda þess að Listahátíð geti flutt inn erlenda listamenn og þess vegna er samningurinn sem undirritaður er hér í dag mjög mikilvægur fyrir starfsemi okkar. Þá er gaman að starfa með kraftmiklu og hugmyndaríku fólki að sameiginlegum markmiðum Listahátíðar og Iceland Express, sem er að flytja til landsins listamenn og erlenda gesti sem vilja njóta viðburða Listahátíðar í Reykjavík.“

Matthías Imsland sagði af sama tilefni: „Ég vil þakka það mikla traust sem stjórnendur Listahátíðar í Reykjavík sýna Iceland Express. Okkur er mikill sómi sýndur að vera meðin um að taka við því hlutverki, að flytja heimsfræga gesti Listahátíðar til landsins. Starfsfólk Iceland Express er ákaflega hreykið af því að geta lagt lóð sitt á vogarskálarnar á þessum erfiðu tímum og tekið þátt í að tryggja áframhaldandi blómstrandi menningarlíf. Ég hygg að þýðing listarinnar fyrir sjálfmynd og sálarheill þjóðarinnar hafi aldrei verið meiri. Enda heyrjum við nú í raun nýja sjálfstæðisbaráttu. Ég hlakka til að njóta þeirrar spennandi dagskrár sem fram undan er á Listahátíð. Og vonandi er þetta upphafið á enn virkari stuðningi Iceland Express við íslenskt menningarlíf.“

Listahátíð í Reykjavík 2009 verður haldin dagana 15. til 31. maí. Hátíðin sem fram undan er verður hátíð allra listgreina; tónlistar, sviðslista, bókmennta og myndlistar. Heildardagskrá hátíðarinnar verður kynnt í byrjun mars. - pbb

Fæðingardags Mozarts minnst

Það er orðin venja að á fæðingardegi Mozarts líft og á dánarstundu hans sé efnt til tónleika til að minnast tónsnillingsins. Það er Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari sem hefur staðið fyrir minningartónleikum á fæðingardegi hans. Nú er komið að fæðingardagstónleikum og verða þeir annað kvöld kl. 20.

Að þessu sinni verða þar flutt Divertimento KV 563 fyrir fiðlu, víólu og selló, kvartett fyrir flautu og strengi í C-dúr KV Anh. 171 (285b) og glæný útsetning eftir Derek Smith á konsert fyrir flautu og hörpu, sem aldrei hefur verið flutt hér áður. Þau Laufey Sigurðardóttir, Þórunn Ósk Marinósdóttir, Sigurður Bjarki Gunnarsson, Martial Nardeau og Elísabet Waage leika. Einar Jóhannesson klarinettuleikari mun spjalla um tónskáldið og verkin sem flutt verða.

Í síðustu viku var frumflutt brot eftir tónskáldið sem fannst í frönsku safni. Það var franskfiðluleikarinn Daniel Cuiller sem lék brotin en þau voru dæmd vera eftir Mozart af sérfræðingum fyrr á þessu hausti.

TÓNLIST Einar Jóhannesson klarinettuleikari kynnr verkin sem flutt verða á fæðingardegi Mozarts á Kjarvalsstöðum á morgun.

Dr Leisinger sem greindi brotin segir þau skrifuð af Mozart en milli þeirra vantar brú. Það bætist því í safn tónverka skáldsins en eftir hann liggja yfir 600 tónverk sem hann samdi fyrir dauða sinn 1791 aðeins 35 ára að aldri.

- pbb

Þreyttur hvítur fiðringur

Í Kassarum á laugardagskvöldið var frumsýnt stofudrama eftir ástralska leikskáldið Joanna Murray-Smith. Hún hefur skrifað fjöldann allan af leikritum og handritum fyrir kvikmyndir og hefur þetta verk sem hér var upp fært verið leikið í þrjátíu löndum samkvæmt leiksskrá.

Allt boðar þetta ákveðna eftirvæntingu áhorfenda, en hvað gerist svo þegar þessi framhjáhalda-klisjan kemst upp á sviðið, jú líklega er hægt að segja að hún lifni aldrei almennilega við. Í upphafi verksins hittast unga blaðakonan og gamli refurinn úr stéttinni, henni er upplagt að taka við hann viðtal. Þau eru rétt að kynnast og í þessu yfirtálkaða atriði liggur öll atburðarrásin fullkomlega tilbúin og er ekkert eftir það sem kemur nokkrum manni á óvart. Hann flytur að heiman, mjög skyndilega eftir þrjátíu ára hjónaband, heim til stúlku sem gengur í skóla-krakkafötum. Eiginkonan Heiður hefur algerlega stutt eiginmann sinn og má segja fórnad eigin ferli á ritvellingum fyrir hann og verður því hvumsa og trúir í raun ekki því að maður hennar sé að fara. Þessa sögu þekkjum við öll og er yfirmáta dramatísk og sársaukafull í hvert eitt sinn, það var bara eitthvað hér í túlkuninni sem gerði það að verkum að samkennd áhorfenda varð af skornum skammti.

Heimili hjónanna er haglega smíðað af leikmyndahönnuði og eins er litla heimili stúlkunnar skýrt afmarkað, þó maður geti nú spurt sig hvort þar hafi búið fjórtán ára stúlka fremur en fullnuma blaðakona með fjöldann allan af háskólagráðum?

Með hlutverk hjónanna fara þau Anna Kristín Arngrímsdóttir og Arnar Jónsson, bæði þaulreyndir leikarar, sem eflaust hafa staðið í svipuðum sporum áður á leiksviði.



Engu að síður einkenndist leikur þeirra af stirðleika og yfirtúlkun sem hlýtur að skrifast á leikstjórnann. María Ellingsen leikur hina ungu heillandi blaðakonu sem í raun er vanþroska krakki eins og vel kemur fram í senunni þegar hún er að spjalla við eiginkonuna og trúir henni fyrir því að það hafi í raun og veru verið hún sem átti aðdáun hennar alla. Sonja heitir þessi stúlka og á hún að vera mjög svo kynsandi, svo kynsandi að Artúr bókstaflega missir alla dómgreind vegna hinnar nýupprisnu kynhvatar sinnar. Þetta er allt gott og blessað og mjög trúverðugt, gerist í annarri hverri götu og allir kaupa það, en hitt er annað mál að það er ekki nóg að nota orðin þegar komið er með þessi ósköp upp á svið. Marilyn Monroe var ekki sexý vegna þess að hún gæti orðað það vel hversu rosalega lostafull hún væri.

María stóð sig vel í sínum leik en misskilningurinn í túlkuninni liggur í því að hún leikur bara á tveimur plönum, annars vegar metnaði og hins vegar minnimáttarkenn, Þetta er ekki nóg til þess að byggja upp trúverðuga týpu.

Sólveig Arnarsdóttir var mjög góð í hlutverki dótturinnar þó svo að búningur hennar hefði verið ýktur eins og nú er svo mikið í tísku til þess að gera leikkonur yngri en

LEIKLIST

Heiður eftir Joanna Murray-Smith

Leikmynd og búningar: Axel Hallkell
Lýsing: Hörður Ágústsson
Þýðing: Gísli Rúnar Jónsson
Leikstjóri: Bjarni Haukur Þórsson



Steindautt stofudrama

þær í raun eru. Það var engin þörf á því. Sólveig talaði eins og venjuleg manneskja fór vel með sinn texta og þó svo að textinn hafi verið nokkuð óþjáll og má segja gamaldags þá skilaði hún honum frábærlega. Ég efast um að nokkur unglingur sem stendur í þeim sporum að vera að reyna að ná pabba sínum frá ástkonunni segi margoft það verður að „stöðva“ þetta, það verður að „stöðva“ þetta. Það var ýmislegt svona sem maður hnaut um í textanum sem svo auðveldlega hefði mátt koma á eðlilegt talmál.

Fyrir svo utan að húsfreyja af því tagi sem þarna var kynnt er auðvitað vandfundin á Íslandi 2009. Það vekur óneitanlega furðu minnst sagt á okkar tímum við okkar aðstæður í dag að velja verk af þessu tagi til uppsetningar í Þjóðleikhúsinu.

Elísabet Brekkan

FJÁRMÁL HEIMILISINS

Lausnir sem geta hjálpað heimilinu

STÖÐUMAT | HEIMILISBÓKHULD | RÁÐGJÖF

VIÐ FÖRUM MED ÞÉR YFIR MÖGULEG ÚRRÆÐI

- Greiðslujöfnun
- Lengja lánstíma
- Skuldbreyta vanskilum
- Fresta afborgunum vegna sölutregðu
- Fresta greiðslu afborgana og vaxta

Þantaðu ráðgjöf á landsbanki.is, í útibúinu þínu eða í síma 410 4000.

Við bjóðum fram krafta okkar. Þantaðu ráðgjöf á landsbanki.is

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFURMSÝNING!

FYRSTI KAFLI UNDERWORLD-MYNDANNA.

HRIKALEGRI OG FLOTTARI ENN NOKKRU SINNI FYRR!

Leonardo DiCaprio Kate Winslet

Revolutionary Road

GOLDEN GLOBE VERÐLAUN 4 TÖLVUVERJAN

VILTU VINNA MILLJARÐ?

BLUNNUG MILLJÓNARINN

Frönsk kvikmyndahátíð

í Háskólabíói, 16.-29. janúar

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

UNDERWORLD 3	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
VILTU VINNA MILLJARÐ LÚXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
SEVEN POUNDS	kl. 10:30	L
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 5:30 - 8	L
AUSTRALÍA	kl. 4:30 - 8	12
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 4	A 5%

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

ÓDÝRT Í BÍÓ!

UNDERWORLD 3	kl. 6 - 8 - 10	16
TAKEN	kl. 8 - 10	16
AUSTRALÍA	kl. 6:30 - 10	12
INKHEART	kl. 5:50	10
TRANSPORTER 3	kl. 8 - 10:15	16
QUANTUM OF SOLACE	kl. 5:30	12

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

REFURINN & BARNID / ÍSL. TEXTI	kl. 6	L
ÁSTARSONGVAR / ENSKUR TEXTI	kl. 6	L
SKÓLABEKURINN / ENSKUR TEXTI	kl. 8 - 10:15	L
REVOLUTIONARY ROAD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
SEVEN POUNDS	kl. 8 - 10:30	L

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

UNDERWORLD 3	kl. 8 - 10	16
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 8 - 10:10	12
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 6	L
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 6	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA A **mid.is** FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANNA MED KREDITKORTI. AUKAKRÖNUR

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Leonardo DiCaprio Kate Winslet

Revolutionary Road

VILTU VINNA MILLJARÐ?

TAKEN

CHANGELING

SÝNINGARTÍMAR

REVOLUTIONARY ROAD	kl. 5:45, 8 og 10:20	12
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5:45, 8 og 10:20	12
CHANGELING	kl. 10	16
TAKEN	kl. 6 og 8	16

Stórbrotin og áhrifarik mynd frá verðlaunaleikstjóranum Sam Mendes

SAMBÍÓINN

ROLE MODELS

ADAM SANDLER

ROCKNROLLA

CHANGELING

JIM CARREY

YES MAN

BOLTI 3-D

ALFABAKKA

ROLE MODELS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
ROLE MODELS	kl. 8 - 10:10	VIP
BEDTIME STORIES	kl. 5:50 - 8	L
BEDTIME STORIES	kl. 5:50	VIP
ROCKNROLLA	kl. 10:20	16
CHANGELING	kl. 5:30 - 8:30	16
YES MAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	7
THE SPIRIT	kl. 10:20	12
BOLTI 3-D m/Sl. tali	kl. 5:50(30)	L
TWILIGHT	kl. 8	12

SELFOSS

BEDTIME STORIES	kl. 8	L
TRANSPORTER 3	kl. 10:10	16
INKHEART	kl. 8	10
THE SPIRIT	kl. 10:10	7

AKUREYRI

ROLE MODELS	kl. 8 - 10	12
BEDTIME STORIES	kl. 8	L
ROCKNROLLA	kl. 10	16

KEFLAVÍK

ROLE MODELS	kl. 8 - 10:10	12
BEDTIME STORIES	kl. 8	L
CHANGELING	kl. 10	16

KRINGLUNNI

ROLE MODELS	kl. 6 - 8:10 - 10:20	12
BEDTIME STORIES	kl. 6D	L
ROCKNROLLA	kl. 8:10D - 10:30D	16
YES MAN	kl. 8:10 - 10:20	7
BOLT 3-D m/Sl. tali	kl. 6(30)	DIGITAL-3D L

Myndamaraboni að ljúka

Frosti Örn Gnarr Gunnarsson, stjúpsonur Jóns Gnarr, heldur úti heimasíðu þar sem hann hefur birt eina tölvugerða mynd á dag í tæpt ár. Um sannkallað myndamarabon er að ræða því myndirnar eru orðnar 354 talsins og eiga því aðeins ellefu eftir að birtast.

Frosti Örn býr myndirnar til samdægurs og sendir síðan á 580 manna póstlista sem hann er með í tölvunni sinni. Myndirnar, sem má sjá á síðunni Coroflot.com/jack-design, eru því fyrir löngu orðnar fastur liður í tilveru þeirra. „Þemað er dagurinn í dag og þess vegna geri ég þetta alltaf á kvöldin“, segir Frosti Örn, sem er á þriðja ári í Listaháskóla Íslands. Eftir að verkefninu lýkur eftir tvær vikur ætla hann að safna myndunum saman í bók og nota sem lokaverkefni sitt. Hann segist hafa fengið góð viðbrögð við uppá-

tækinu og viðurkennir að hann muni sakna þess að senda ekki lengur frá sér myndirnar. „Ég er með kvíðahnút í maganum. Maður veit ekkert hvað tekur við. Þetta er eins og að fá að ala upp barn í ár og þurfa svo að skila því“, segir hann. „Það hlýtur að taka við rosa tómléikatilfinning en ég tek mér bara eitthvað annað skemmtilegt fyrir hendur.“

Hann fékk hugmyndina þegar hætt var við skólaferðalag til Hollands á síðasta ári þar sem hann ætlaði að einbeita sér að listinni í þrjár vikur. Þess í stað ákvað hann að gera eina mynd á dag í heilan mánuð, sem síðar varð að einu ári.

Frosti hefur haft fleira á sinni könnu að undanfögnu þar á meðal hönnun stuttermabola og einnig plötuumslaga fyrir Ragnar Sólberg og Sign.



FROSTI ÖRN GNARR Hönnuðurinn efnilegi lýkur brátt myndamaraboni sínu sem hefur staðið yfir í tæpt ár.

- fb

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimilislegra tónleikahald

Áherslur í íslensku tónleikahaldi eru að breytast. Tónleikar eru orðnir smærri í sniðum en um leið fleiri.

Kári Sturluson, umboðsmaður og tónleikahaldari, telur að áherslurnar hafi breyst í íslensku tónleikahaldi að undanfögnu. „Lifandi tónlist er á öðrum forsendum en áður. Viðburðirnir eru orðnir minni en órari og það er ekki verið að rukka mikið inn. Þetta er allt orðið miklu heimilislegra“, segir Kári.

Tengir hann þessar nýju áherslur við Facebook-síðuna þar sem hljómsveitir auglýsi tónleika sína eingöngu fyrir aðdáendakjarna sinn á Netinu. Til dæmis hafi Seabear og GusGus verið duglegar við það. „Tilkoma Facebook og Myspace hefur gert það að verkum að í staðinn fyrir að senda tilkynningar á fjölmiðla eru þær sendar á grúppuna því þar ná hljómsveitirnar miklu betur í markhópinn sinn.“ Nefnir hann sem dæmi að smærri tónleikum hafi fjölgað á stöðum eins og Kaffi Rósenberg og Kaffibarnum.

Dórður Pálmason hjá Kaffi Rósenberg segir að staðurinn sé bókaður næstu þrjú til fjóra mánuði frá miðvikudegi til laugardags. Jókst aðsókn hljómsveita í staðinn nokkuð eftir að Organ hætti á síðasta ári. Hann jatar að sumar sveitir eigi erfitt með að komast að hjá sér. „Það ættu allir að fá að spila en það er nú bara ekki svo leiðis, segir Dórður. Hann viðurkennir jafnframt að kreppan hafi sín áhrif á reksturinn. „Það er auðvitað brölt að vera í rekstri í dag eins og ástandið er en það hefur ekkert stórkostlegt gerst enn þá.“

Kári Sturluson telur að vissulega sé missir að Organ, Tunglinu



SEABEAR Hljómsveitin Seabear hefur verið dugleg við að kynna tónlist sína á Netinu rétt eins og GusGus og fleiri sveitir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

og Sirkus úr íslensku tónlistarlífi en flóra annarra staða sé engu að síður ágæt. Hljómsveitir geti nú valið úr stöðum á borð við Nasa, Grand Rokk, Dillon, Iðnó og Kaffi Rósenberg sem taki við áhorfendafjölda á bilinu 150 til 500 manns. Frekar vanti stað sem taki 1500 manns, aðallega þá fyrir erlendar hljómsveitir.

Bætir hann við að þrátt fyrir efnahagsástandið sé ekkert ómögulegt að flytja þekktar erlendar hljómsveitir til landsins. „Ég held að það sé alveg grundvöllur fyrir því. Ég hlusta ekki á svona væl, sérstaklega þegar maður veit betur“, segir Kári. Nefnir hann sem dæmi að dollarinn hafi verið í 110 krónum árið 2001 þegar hann flutti inn sveitir á borð við The Strokes og Rammstein til landsins án nokkurra vandkvæða. Núna þegar dollarinn er aðeins hærri, eða 125 krónur, vilji aftur á móti enginn flytja inn hljómsveit nema þá með því að safna fyrir því eins og dæmið með U2 sannar. „Mér

finnst þetta með því kjánalegra sem ég hef heyrt, að reyna að fara í fjársöfnun fyrir hljómsveit sem gerir ekki annað en að græða peninga“, segir hann, greinilega lítt hrifinn af uppátækinu.

freyr@frettabladid.is



KÁRI STURLUSON
Telur áherslurnar hafa breyst í íslensku tónleikahaldi.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Ertu laus síðdegis og viltu nýta tímann? Hagnýtar viðskiptagreinar

Um er að ræða **einnar annar nám** í greinum sem henta vel þeim sem eru lausir síðdegis eða starfa á skrifstofum stofnana og fyrirtækja. Möguleiki er á framhaldsnámi. **Námið veitir 10 einingar**

Markmiðið er að efla sjálfstraust og þekkingu þátttakenda og búa þá sem best undir fjölbreytt og krefjandi viðfangsæfni atvinnulífsins. Áhersla er því lögð á að velja sem flest hagnýt og rauntengd verkefni.

Kennslugreinar: Bókhalð, enska, íslenska og tölvur

Kennslutími: Kennir er frá klukkan 15.15 – 18:00 fjóra daga í viku

Kennslustaður: Menntaskólinn í Kópavogi við Digralesveg

Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir, fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 5944000/8244114 eða inga.karlsdottir@mk.is



SIENNA MILLER Miller stígur á leiksvið á Broadway í fyrsta sinn næsta haust.

Í fyrsta sinn á Broadway

Leikkonan Sienna Miller mun heyja frumraun sína á Broadway í New York næsta haust. Miller mun leika Miss Julie í einu af aðeins þremur hlutverkum í leikritinu After Miss Julie sem verður frumsýnt í september.

Hin 27 ára Miller fæddist í New York en ólst upp á Englandi. Síðar meir sneri hún aftur til fæðingarborgar sinnar til að nema leiklist. Margir bíða spenntir eftir því að sjá hvernig Sienna reiðir af á leiksviði en telja má að reynsla hennar úr kvikmyndaheiminum eigi eftir að nýtast henni afar vel.



ÁNÆGD MED ÚTKOMUNA Johnny og Selmu Sif Ísleifsdóttir leist vel á nýja staðinn, þar sem Rex var áður til húsa.



FLOTTAR Ingibjörg Magnúsdóttir, Ragnheiður Kjartansdóttir og Ingibjörg Ragnarsdóttir létu sig ekki vanta í opunarpartíið.

Fjölmenni fagnaði Jacobsen

Skemmtistaðurinn Jacobsen var opnaður með pompi og prakt síðastliðið fimmtudagskvöld. Staðurinn heitir eftir dönsku Jacobsen-fjölskyldunni sem rak vefnaðarvöruslun í húsnæðinu forðum daga og er þar sem Rex var áður til húsa í Austurstræti 9 í Reykjavík.

Að sögn Lofts Loftssonar rekstrarstjóra er Jacobsen ekkert í líkingu við Rex, en ekkert „dresscode“ er nú á staðnum og segir hann andrúmsloftið því vera öðruvísi.

„Á sunnudagskvöldum verðum við með vöflukvöld

þar sem fólk getur borgað í bauk eftir vild, annars fær það frjár vöflur. Við verðum svo með sérstök bransakvöld og innan skamms byrjum við að selja franskar crêpes-pönnukökur á mjög góðu verði,“ bætir hann við.

- ag



SKEMMTU SÉR VEL Kolbrún Ólafsdóttir og Ólafur Soliman voru ánægð.

Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Jóhanna Karlsdóttir, Selma og Helgi Ben Wilson mættu.

Samstarf á ís

Lítið hefur heyrst frá Megasi eftir að hann sendi frá sér met-söluplötuna Á morgun í fyrra. Þó eru ýmsar þreifingar í gangi, meðal annars hefur Raggi Bjarna sungið inn eitt lag eftir hann, „Meinfreyjublús“.

„Megas var með þá hugmynd að semja heila plötu fyrir Ragga og pródúsera hana og þetta lag er það fyrsta sem kom út úr því,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson í Senubjófunum sem einnig rekur stúdíó Hljóðrita. „Þetta prójekt fór þó alveg í fokk í bili því Raggi verður 75 ára á árinu og nú er verið að gera „best of“-plötu með honum. Þó er aldrei að vita nema þetta verði klárað seinna.“

Megas hefur sungið inn tvo nýja dúetta með Ágústu Evu. „Það er fyrir kynningarþátt af Baggalútsútvarpsþætti sem verði er að koma saman,“ segir Guðmundur.

Að sögn Rúnars Birgissonar, umboðsmanns Megasar, hillir nú loksins undir að heimasíða Megasar, megas.is, fari í loftið. „Sá sem ætlaði að sjá um síðuna fyrir okkur fór af landinu þannig að við urðum að hugsa þetta upp á nýtt. Ég á von á að síðan fari upp til bráðabirgða innan tveggja vikna.“

- drg



RAGGI OG MEGASI Samstarf sem sett var á ís vegna afmælis Ragga.



Í SUNDUR Chelsy og Harry eru hætt saman eftir fimm ára samband. Ástæðan ku vera piparsveinalífernir prinsins og framavonir Chelsy sem lögræðingur.

Harry í ástarsorg

Á meðan Íslendingar horfðu á eftir Björgvini G. Sigurðssyni úr embætti viðskiptaráðherra þá þurfti Harry Bretaprins að horfast í augu við þá staðreynd að hann væri laus og liðugur. Kærastan hans til fimm ára, Chelsy Davy, sagði honum upp í gegnum síma fyrir nokkrum dögum segir í breska götublaðinu News of the World. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum blaðsins var Chelsy búin að fá nóg af piparsveinalífernir prinsins en honum hefur þótt æði gaman að skella sér á pöbbinn með vinum sínum og djamma fram á nótt. Þau ætla þó að vera áfram vinir.

Undanfarnir dagar hafa því reynst Harry erfiðir því hann var áminntur af breska hernum fyrir að kalla féлага sinn „paki“ sem er niðrandi heiti yfir innflytjendur í

Bretlandi. Og í kjölfarið var það rifjað upp þegar Harry klæddist nasistabúningi á grímuballi fyrir nokkrum árum. Harry mun hafa sagt föður sínum, Karli, frá sambandsstíunum fyrir nokkrum dögum en hann ætti að hafa reynsluna af því að kljást við erfið ástamál. Elísabet drottning mun einnig hafa haft veður af þessari ástarsorg og samkvæmt News of the World er henni illa við óvæntar uppkomur.

Samband Harrys og Chelsy hefur ekki alltaf verið dans á rósum einkum vegna þess að Harry kann því vel að daðra við ókunnugar konur. Þá leika framavonir Chelsy sem lögræðingur einnig stórt hlutverk en það að vera gift inn í konungsfjölskyldu getur reynst þrándur í götu þeirra sem þrá slíka hluti.

MATARKARFAN

TILBOÐIN

MENNINGARVIÐBURDIR

FYRIR BÖRNIN

NAUÐSYNLEGT FYRIR NEYTENDUR

– FULLT AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM

SPARNADUR

UPPSKRIFTIR

FATNADUR

FYRIR VEISLUNA

LÍKAMSÆKT

HEIMILIÐ

HEIMILISTÆKI

BORGARFERDIR

BÍLAR

Í Fréttablaðinu færðu nýjustu upplýsingar um vörur og þjónustu, heitustu fréttirnar og bestu tilboðin. Á hverjum degi í langmest lesna dagblaði á Íslandi, Fréttablaðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ
MARKAÐSTORG HEIMILANNA

> Eiga 57 prósent marka Hauka í vetur

Haukakonurnar Hanna Guðrún Stefánsdóttir og Ramune Pekarskyte hafa farið mikinn í N1-deild kvenna í vetur og eru nú tveir langmarkahæstu leikmenn deildarinnar þrátt fyrir að þær spili hlið við hlið í toppliði Hauka. Um helgina skoruðu þær 21 af 29 mörkum Hauka í 29-26 sigri á nágrönnunum í FH, Ramune var með 14 mörk og Hanna skoraði sjö. Hanna hefur skorað 134 mörk í vetur en Ramune kemur næst með 114 mörk eða 19 mörkum meira en FH-ingurinn Ragnhildur Guðmundsdóttir sem er í þriðja sæti. Saman hafa þær gert 248 mörk í 14 leikjum sem gera 17,7 mörk í leik og 57 prósent allra marka Haukaliðsins.

sport
sport@frettabladid.is



RUT SIGURDARDÓTTIR ENDURHEIMTI NORÐURLANDAMEISTARATITILINN: FJÖGUR ÍSLENSK GULL Á NM Í TAEKWONDO

Rosalega gaman að fá að vinna mótið á Íslandi

Ísland vann til sextán verðlauna og eignaðist fjóra Norðurlandameistarar á Norðurlandamótinu í Taekwondo sem fram fór í Framheimilinu um helgina.

„Við höfum aldrei unnið svona mörg gullverðlaun. Ég hafði talist vera bjartsýn fyrir mótið ef ég hefði spáð svona mörgum gullum en auðvitað vonaði maður það,“ sagði Rut Sigurdardóttir sem varð Norðurlandameistari í yfir 72 kílóa flokki. Rut varð einnig Norðurlandameistari 2003 og 2004. „Ég lenti í slysi 2004 og er núna komin í sama form og ég var fyrir. Það var mjög gaman að endurheimta titilinn,“ segir Rut en Auður Anna Jónsdóttir varð einnig meistari um helgina og eignaðist Ísland því í fyrsta sinn tvo kvennemeistarar. Björn Þorleifsson og Símon Bjarni Cox urðu síðan Norðurlandameistarar hjá

körslunum. „Það er rosalega gaman að fá að vinna mótið á Íslandi fyrir framan svona marga áhorfendur og hvatningarmenn. Það er allt öðruvísi,“ sagði Rut sem hafði áður orðið Norðurlandameistari í Svíþjóð og Finnlandi.

MEISTARAR Efri röð f. v.: Björn og Símon. Neðri röð f. v.: Auður og Rut



Ísland hélt nú Norðurlandamótið í fyrsta sinn í þrettán ár og alls tóku um 200 keppendur þátt í mótinu.

„Mótið var rosalega vel skipulagt og ég er rosalega ánægð með þetta mót því þetta er fyrsta stóra mótið í langan tíma sem Ísland heldur. Það var glæsilega skipulagt og vel haldið utan um allt,“ sagði Rut. Rut er farin að búa til framtíðarlandsliðsfólk í greininni. „Ég er að þjálfa í Keflavík og við erum komin með stærstu taekwondo-deildina þar. Ég og kærastinn minn erum með þetta saman og það gengur rosalega vel hjá okkur,“ segir Rut en kærasti hennar er Helgi Rafn Guðmundsson sem er fyrirliði íslenska landsliðsins og vann silfur í sínum flokki á Norðurlandamótinu.

Keflavík og KR mætast í sjöunda sinn í bikarúrslitum:

Sigrún var í stuði á heimaslóðunum

KÖRFUBOLTI Keflavík og KR tryggðu sér af öryggi sæti í úrslitaleik Subway-bikars kvenna í gær. Keflavík vann 22 stiga sigur á Val, 87-55, á heimavelli sínum og KR vann 109-49 sigur á Skallagrími í Borgarnesi.

Keflavík vann sinn níunda leik í röð í deild og bikar og Valskonur í annað sinn á fjórum dögum í óspennandi leik í Keflavík í gær.

KR-konur eru komnar í

bikarúrslit í fyrsta sinn í fimm ár eftir 50 stiga sigur í Borgarnesi og því mætast Keflavík og KR í sjöunda sinn í Höllinni sem er met.

KR-konan Sigrún Ámundadóttir kundi vel við sig á sínum gamla heimavelli í Borgarnesi og var með 36 stig, 13 fráköst og 6 stóðsendingar. Systir hennar Guðrún skoraði 15 stig og saman gerðu þær því tveimur stigum meira en allt Skallagrímssliðið.

- ój

36 STIG Sigrún Ámundadóttir hjá KR.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ENSKI BIKARINN

32 liða úrslit um helgina

Cardiff-Arsenal	0-0
Liverpool-Everton	1-1
Gerrard (54.) - Lescott (27.)	
Chelsea-Ipswich	3-1
Ballack 2 (16., 59.), Lampard (85.) - Bruce (34.)	
Doncaster-Aston Villa	0-0
Hartlepool-West Ham	0-2
Behrami (44.), Noble, viti (45.)	
Hull-Millwall	2-0
Kettering-Fulham	2-4
Man. Utd-Tottenham	2-1
Scholes (35.), Berbatov (36.) - Pavlyuchenko (5.)	
Portsmouth-Swansea	0-2
Sheff. Utd-Charlton	2-1
Sunderland-Blackburn	0-0
Torquay-Coventry	0-1
Watford-Crystal Palace	4-3
West Brom-Burnley	2-2
Wolves-Middlesbrough	1-2

Það var dregið í 16 liða úrslit í gær. Þar mætast Sheffield United -Hull, Watford-Chelsea West Ham-Middlesbrough, Sunderland /Blackburn-Coventry, Derby /Nottingham Forest-Manchester United, Swansea-Fulham, Liverpool/Everton-Doncaster/Aston Villa og Cardiff /Arsenal-West Brom/Burnley.

TVÖ JAFNTEFLI Á SEX DÖGUM Liverpool tókst ekki að sigra nágranna sína í Everton í bikarum í gær, ekki frekar en í deildinni á dögum. Steven Gerrard sá til þess að Liverpool fær annað tækifæri til þess að komast í 16 liða úrslit.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gerrard kom Liverpool enn á ný til bjargar

Manchester United og Chelsea eru komin áfram í bikarum, bikarmeistarar Portsmouth eru úr leik en Liverpool, Aston Villa og Arsenal þurfa að spila að nýju eftir jafntefli í 32 liða úrslitum ensku bikarkeppinnar um helgina.

FÓTBOLTI Keppni í 32 liða úrslitum ensku bikarkeppinnar fór fram um helgina og þar var ljóst að það verða krýndir nýir bikarmeistarar í vor eftir að Hermann Hreiðarsson og félagar í Portsmouth töpuðu óvænt á heimavelli. Steven Gerrard tryggði Liverpool 1-1 jafntefli gegn nágrönnunum í Everton í enska bikarum í gær. Þetta var annar leikur liðanna á tæpri viku og hefur Gerrard skorað mark Liverpool í þeim báðum.

Ólíkt deildarleiknum milli Liverpool og Everton á mánudaginn var þá komst Everton yfir á 27. mínútu þegar Joleon Lescott skallaði boltann inn af marklínu eftir að Tim Cahill skallaði hornspyrnu Stevens Pienaar í átt að markinu.

Frábær samvinna við Torres

Jöfnunarmarkið kom eftir frábæra samvinnu þeirra Gerrards og Fernandos Torres sem sendi glæsilega hælsþyrnu í gegnum vörn Everon og fyrir fætur fyrirliðans sem skoraði af öryggi.

„Við vorum með þennan leik allar 90 mínúturnar en þeir skora eftir fast leikatriði sem er svekkjandi því við höfum verið að vinna í þeim,“ sagði Steven Gerrard eftir leik. „Það verður erfitt að fara á Goodison Park en við höfum unnið

þar áður,“ sagði Gerrard sem segir lögreglukærana ekki trufla sig en hann var fyrir rétti á föstudag. „Ég er ánægður með mig í þessum leikjum. Ég er fótoltamaður og einbeiti mér að því,“ sagði Gerrard. Stjóri Liverpool hrósaði honum líka mikið eftir leik.

„Hann er að vinna vel út þessum erfiðu aðstæðum. Hann er mikill atvinnamaður og spilar vel,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, um Gerrard og Benitez hafði einfalda skoðun á leiknum sjálfum. „Annað liðið var að reyna að vinna en hitt liðið var að reyna að tapa ekki. Það var mikill munur á liðunum og synd að við skyldum ekki ná inn öðru marki,“ sagði Benitez.

Cardiff komst alla leið í bikarúrslitaleikinn í fyrra og það ætlar að verða allt annað en auðvelt fyrir Arsenal að slá Cardiff út í ár. Liðin gerðu markalaust jafntefli í Wales í gær. Leikmenn Arsenal gátu þakkað fyrir jafnteflið og þá staðreynd að nýr leikur liðanna fer fram á Emirates-vellinum.

Sigurmark Berbatovs

Dimitar Berbatov hélt áfram þeim leik að skora mikilvæg mörk þegar hann tryggði Manchester United 2-1 sigur á gömlu félögum hans í Tottenham.

Öll mörk leiksins komu í fyrri hálfleik en Roman Pavlyuchenko kom Spurs yfir eftir aðeins fimm mínútna leik. Sigurmark Búlgarans kom innan við mínútu eftir að Paul Scholes hafði jafnað leikinn.

„Við komum vel til baka og spiludum flottan fótbolta í fyrri hálfleik því auk markanna þá varði markvörðurinn tvisvar eða þrisvar mjög vel og við skutum auk þess einu sinni í slána. Markið hans Dimitars Berbatov var stórglæsilegt en sendingin frá Michael Carrick var líka mögnuð,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United eftir leik.

Meistararnir úr leik

Bikarmeistararnir í Portsmouth fengu skell á laugardaginn þegar þeir töpuðu 0-2 á heimavelli á móti B-deildarliði Swansea. Hermann Hreiðarsson kom inn á í hálfleik þegar Portsmouth var búio að fá á sig bæði mörkin.

Það þarf að spila aftur í alls sex viðureignum og fara þeir leikir fram 3. og 4. febrúar. Arsenal-Cardiff og Burnley-West Brom spila á þriðjudag og daginn eftir eru háðir: Aston Villa-Doncaster, Blackburn-Sunderland, Everton-Liverpool og Nottingham Forest-Derby.

ooj@frettabladi.is

ALVÖRU ÍSLENSKUR PRÓTEINDRYKKUR

HÁMARK

ENGINN HVÍTUR SYKUR 99% FITULAUS 25g AF PRÓTEINI

Chelsea Verð á mann í tvíbýli: **79.900 kr.**
13. - 15. mars
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og hótelliging með morgunverði í 2 nætur.

Arsenal Félagar Arsenal-klúbbsins fá 3.500 kr. afslátt!
Blackburn Verð á mann: **79.900 kr.**
13. - 15. mars
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og hótelliging með morgunverði í 2 nætur.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



ÖBÍ mótmælir aðför að velferðarkerfinu!

Í desember síðastliðnum ákvað ríkisstjórn Íslands að ganga gegn lögum um verðbætur á greiðslur almannatrygginga til yfirgnæfandi meirihluta elli- og örorkulífeyrisþega þann 1. janúar síðastliðinn. Í stað þess að forgangsraða í anda velferðarþjófólags var ákveðið að taka með þessum hætti um 2,5 milljarða (netto) af lögvernduðum lífeyri landsmanna.

Ennfremur hefur ríkisstjórnin stóraukið greiðslupátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu og innleitt þar nýja og áður óþekkta gjaldaliði sem bitna harðar á öryrkjum, langveikum og öðrum þeim sem mest þurfa á þessari þjónustu að halda. Þetta er gert þrátt fyrir að ekki hafi verið settar reglur um hámark á greiðslupátttöku sjúklinga.

Skyndiatlaga að velferðarkerfinu mun koma harðar niður á samfélaginu og auka kostnað þess þegar til lengri tíma er litið.

Aðalstjórn Öryrkjabandalags Íslands mótmælir þessari aðför að lífeyrisþegum og langveikum harðlega og fer fram á að stjórnvöld grípi til annarra og réttlátari aðgerða í þeim efnahagsvanda sem við er að glíma. Verði landslög ekki virt mun bandalagið fela lögmönnum sínum að kanna lagalegan rétt félagsmanna sinna.

Ályktun aðalstjórnar ÖBÍ 21. janúar 2009

Kjörorð ÖBÍ

VIÐ STÖNDUM FYRIR RÉTTLÆTI
– EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR!

Nick Bradford má tala og skora eins og hann vill

KR-ingar eru komnir í bikarúrslitaleikinn í Laugardalshöllinni eftir 82-70 sigur á Grindavík fyrir troðfullri DHL-höll á laugardaginn. Nick Bradford skoraði 27 stig fyrir Grindavík en KR-vörnin hélt öðrum leikmönnum liðsins í 43 stigum.

KÖRFUBOLTI Frábær byrjun og frábær vörn KR-inga í risaleiknum gegn Grindavík í undanúrslitum Subway-bikarsins á laugardaginn sá til þess að þessi vel sótti og umtalaði leikur varð í raun aldrei spennandi. KR komst í 15-4 og 33-15 og var 48-35 yfir í hálfleik. Grindvíkingar áttu nokkrar tilraunir til að minnka muninn en náðu honum aldrei niður fyrir átta stig og KR-ingar unnu sinn 25. leik í röð í vetur í öllum keppnum.

KR-ingurinn Jón Arnór Stefánsson æfði lítið fyrir leikinn en það var ekki að sjá þegar hann tók ítrekað af skarið og spilaði síðan frábæra vörn.

„Ég var smá þreyttur en adrenalínið fleytti mér áfram og ég var bara finn þar til í lokin,“ sagði Jón sem fékk sína fimmtu villu í lokin eftir að það höfðu verið dæmdir á hann þrjú ruðningar í seinni hálfleiknum. Jón Arnór átti mikinn þátt í að halda Páli Axeli Vilbergssyni og Brenton Birmingham í samtals 20 stigum.

„Vörnin var geðveik hjá okkur í dag. Páll var með átta stig og Brenton var með ellefu stig, þar af ein körfu á lokasekúndunni og var eiginlega með níu stig,“ sagði Jón sem skaut fast á þá ákvörðun Grindvíkinga að ná í Nick Bradford. „Nick má skora eins og hann vill og tala skít eins og hann vill. Mér fannst hann ekki passa vel inn í þetta lið hjá þeim og mér fannst hann jafnvel eyðileggja fyrir þeim,“ sagði Jón Arnór. Nick skoraði vissulega 27 stig í leiknum en aðrir leikmenn skoruðu aðeins 43 stig.

„Við vorum bara mikli sterkari í hausnum og við erum með betra lið að mínu mati og sýndum það í þessum leik. Besta sóknarliðið á móti besta varnarliðinu og þeir eru að skora 70 stig. Það er ótrúlega gott að halda þessu liði í 70 stigum,“ sagði Jón.

Nick Bradford var svalur að vanda eftir leik þrátt fyrir tapið en þó var augljóst að hann þarf meiri tíma til að aðlagast Grindavíkurliðinu. „Við byrjuðum þennan leik ekki vel og KR-ingar eiga mikið hrós skilið þar. Við munum engu að síður koma sterkir til baka. KR-ingarnir vita að við eigum eftir að verða betri og ég verð orðinn flottur um mánaðamót febrúar og mars,“ sagði Nick Bradford af sínu einstaka og smitandi sjálfs-trausti.

„Við spiluðum enga vörn í byrjun og þetta snýst bara um að spila



LÉT VERKIN TALA Jón Arnór Stefánsson skoraði öll 19 stigin sín í fyrstu þremur leikhlutum og hér eru tvö þeirra í uppsiglingu. FRÉTTABLAÐID/ARNÞÓR

betur þeim megin. Hverjir spiluðu betri vörn í dag? Einmitt KR. Þetta snýst ekkert um okkar sóknarleik heldur aðeins vörnina og við munum einbeita okkur að henni á næstunni.“

Eitt stærsta áhyggjuefni Grindvíkinga snýr að stórskyttunni Páli Axeli Vilbergssyni sem hefur ekki fundið neinar lausnir gegn vörn KR-inga í síðustu tveimur leikjum. Páll Axel hefur aðeins sett niður tvær þriggja stiga körfur og 30 prósent skota sinna í þeim.

Fannar Ólafsson, fyrirliði KR-inga, átti mikið í frábærri byrjun liðsins en hann var allt í öllu hjá KR í upphafi leiks.

„Ég er ekki að keppa í einhverri tölfræði í dag og hef aldrei verið í því. Aðalatriðið er að vinna leiki og sem fyrirliði þá verður þú að passa upp á menn séu stemmdnir og rétt

stilltir fyrir leiki. Ég fann það var í lagi strax í byrjun og eftirleikurinn var auðveldur,“ sagði Fannar sem segir KR-liðið hafa alltaf mætt einbeitt til leiks í vetur.

„Því miður fyrir Pál Axel og Brenton þá var þetta kannski ekki þeirra dagur. Þeir fengu ekki mikið af tækifærum en þeir eru bara svo ofboðslega hættulegir að við vorum heppnir að hitta á þá á „off“ degi. Það hjálpaði okkur heimikið því ég hefði ekki vilja vera að spila á móti þeim með Palla og Brenton í stuði,“ sagði Fannar léttur en hann átti mjög góðan leik.

Auk Jóns og Fannars tóku bæði Jakob Sigurðarson og Helgi Már Magnússon af skarið á réttum tímamarkum en alls skoruðu fimm leikmenn liðsins 13 stig eða meira í leiknum.

ooj@frettabladid.is

Stjörnumenn unnu Njarðvík og eru komnir í bikarúrslitin í fyrsta sinn í sögunni:

Justin með tíu stig í röð í lokin

KÖRFUBOLTI Justin Shouse var enn á ný hetja Garðbæinga með því að skora tíu stig og gefa tvær stoðsendingar á síðustu 3 mínútunum og 20 sekúndunum í undanúrslitaleik Stjörnumennar og Njarðvíkur í Subwaybikar karla í gær. Stjarnan var nærri því búin að glata niður tíu stiga forskoti í lokaleikhlutanum en vann að lokum 83-73 sigur þökk sé frábærri frammiðstöðu Shouse sem hefur ekki tapað bikarleik í tvö tímabil en hann fór með Snæfelli í Höllina í fyrra.

Þegar Justin hóf endasprettið var Stjarnan tveimur stigum undir, 68-70, en Justin átti þá stoðsendingu á Kjartan Kjartansson sem skoraði þriggja stiga körfur og kom Stjörnumenn yfir.

Justin skoraði síðan þrjár frábærar körfur eftir einstaklingsframtak, setti síðan niður fjögur bónusviti og endaði síðan á því að gefa stoðsendingu á Ólaf Jónas Sigurðsson sem skoraði lokakörfu leiksins. Njarðvík skoraði samtals



DRÖG VAGNINN Justine Shouse var með 29 stig og 8 stoðsendingar gegn Njarðvík í gær. FRÉTTABLAÐID/DANIEL

þrjú stig á þessum þremur mínútum og varð að gefa frá sér úrslitaleikinn eftir að hafa komið margoft til baka í leiknum.

ÚRLSITIN

Subwaybikar - undanúrslit

KARLAR

KR-Grindavík 82-70 (48-35)
Stig KR: Jón Arnór Stefánsson 19 (9 frák.), Fannar Ólafsson 15 (9 frák.), Jakob Örn Sigurðars. 14 (6 stoðs.), Jason Dourisseau 14 (11 frák.), Helgi Már Magnússon 13 (3 varin), Skarphéðinn Inga son 3, Pálmi Sigurgeirsson 2, Darri Hilmarsson 2.
Stig Grindavíkur: Nick Bradford 27 (8 frák., 4 stoðs.), Brenton Birmingham 11 (4 stoðs.), Páll Kristinnson 9, Páll Axel Vilbergsson 8, Arnar Freyr Jónsson 6, Guðlaugur Eyjólfsson 5, Þorleifur Ólafsson 3, Helgi Jónas Guðfinnson 1.
 Stjarnan-Njarðvík 83-73 (35-50)
Stig Stjörnumennar: Justin Shouse 29 (8 stoðs.), Jovan Zdravevski 24 (8 frák.), Kjartan Atli Kjartansson 18, Fannar Freyr Helgason 8 (18 frák.), Ólafur Jónas Sigurðsson 4.
Stig Njarðvíkur: Magnús Þór Gunnarsson 29 (11 í fjórða), Logi Gunnarsson 23, Friðrik Stefánsson 8, Grétar Garðarsson 6, Ágúst Hilmar Dearborn 3, Valur Orri Valsson 2, Hjörtur Hrafn Einarsson 2.

KONUR

Keflavík-Valur 85-55 (47-28)
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 21 (14 frák.), Pálína Gunnlaugsdóttir 19 (8 frák., 5 stolnir), Svava Ósk Stefánsdóttir 11 (7 stoðs., 5 stolnir), Bryndís Guðmundsdóttir 7, Hrönn Þorgeirsdóttir 7, Rannveig Randversdóttir 6, Halldóra Andrédóttir 5, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 5, Bára Bragadóttir 4, Marín Rós Karlsdóttir 2.
Stig Vals: Sigrún Hermannsdóttir 17 (13 frák.), Guðrún Baldursdóttir 11, Lovísa Guðmundsdóttir 9 (5 stolnir), Þórunn Bjarnadóttir 7, Bernadett Toplak 6, Kristín Óladóttir 3, Hafdís Helgadóttir 2.
 Skallagrímur-KR 49-109 (27-49)
Stig Skallagríms: Íris Gunnarsdóttir 15, Rósa Indriáadóttir 13, Huguína Valdimarsdóttir 8 (14 frák.), Guðrún Hansdóttir 7, Heiðrún Rikharðsdóttir 2, Karen Sólonsdóttir 2, Guðrún Ingadóttir 2.
Stig KR: Sigrún Amundadóttir 36 (13 frák., 6 stoðs., 5 stolnir), Margrét Kara Sturludóttir 17 (9 frák., 5 stoðs.), Guðrún Amundadóttir 15 (6 stoðs.), Hildur Sigurðardóttir 12, Heiðrún Kristmundsdóttir 7 (9 stoðs.), Gréta Guðbrandsdóttir 6, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 6, Heiðrún Hödd Jónsdóttir 3, Brynhildur Jónsdóttir 3, Dóra Björk Þrándardóttir 2, Rakel Viggósdóttir 2.

NI-deild kvenna í handbolta

Grótta - Fram 23-27 (11-14)
Mörk Gróttu: Laufey Ásta Guðmundsdóttir 8, Elsa Óðinsdóttir 7, Ragna Karen Sigurðardóttir 5, Karólína Bæhrens 1, Harpa Baldursdóttir 1, Arndís María Erlingsdóttir 1.
Mörk Fram: Marthe Sördal 6, Pavla Nevarilova 6, Stella Sigurðardóttir 4, Ásta Birna Gunnarsdóttir 3, Þórey Rósa Sigurðardóttir 2, Hildur Knútsdóttir 2, Sara Sigurðardóttir 2, Karen Knútsdóttir 1, Guðrún Póra Hálfðánsdóttir 1.
 Haukar - FH 29-26 (19-11)
Mörk Hauka: Ramune Pekarskyte 14, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 7, Erna Þránsdóttir 4, Nína Arnfinnsdóttir 2, Hekla Harnadóttir 1, Herdis Hallsdóttir 1.
Mörk FH: Hildur Þorgeirsdóttir 6, Gunnur Sveinsdóttir 5, Hafdís Inga Hinriksdóttir 4, Ingibjörg Pálmadóttir 4, Guðrún Helga Tryggvadóttir 3, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Hafdís Guðjónsdóttir 1.
 Stjarnan - Fylkir 35-23 (20-10)
Mörk Stjörnumennar: Sólveig Lára Kjærnested 6, Kristín Jóhanna Clausen 5, Ester Ragnarsdóttir 4, Elisabet Gunnarsdóttir 4, Þorgeður Anna Atladóttir 4, Hildur Harðardóttir 3, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 3, Þórhildur Gunnarsdóttir 3, Florentina Stanciu 1, Alína Petrasche 1, Aðalheiður Hreinsdóttir 1.
Mörk Fylkis: Sunna Jónsdóttir 5, Hildur Sif Pálmarsdóttir 3, Sigríður Hauksdóttir 3, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Hanna Rut Sigurjónsdóttir 3, Tinna Traustadóttir 2, Nataly Valencio 2, Ásdís Rut Guðmundsdóttir 1, Elin Helga Jónsdóttir 1.
 Valur - HK 36-20 (19-13)
Mörk Vals: Dagný Skúladóttir 9, Ágústa Edda Björnsdóttir 5, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 4, Hildigunnur Einarisdóttir 4, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 3, Íris Ásta Pétursdóttir 3, Éva Barna 3, Hafúrín Kristjánsdóttir 2, Berglind Íris Hansdóttir 1, Drífa Skúladóttir 1, Kristín Guðmundsdóttir 1.
Mörk HK: Arna Sif Pálsdóttir 7, Brynja Magnúsdóttir 5, Elva Björg Arnarsdóttir 3, Heiðrún Björk Helgadóttir 2, Lilja Lind Pálsdóttir 1, Elin Anna Baldursdóttir 1, Erna Davíðsdóttir 1.

HM í handbolta í Króatíu

MILLIRIÐILL 1

Svíþjóð-Ungverjaland	30-31 (18-16)
Kórea-Frakkland	21-30 (15-15)
Króatía-Slóvakía	31-25 (18-13)

Frakkland*	4	4	0	0	120-90	8
Króatía*	4	4	0	0	115-99	8
Ungverjaland	4	1	1	2	99-108	3
Slóvakía	4	1	1	2	98-110	4
Svíþjóð	4	1	0	3	108-114	2
Kórea	4	0	0	4	92-111	0

* Örug inn í undanúrslitin

MILLIRIÐILL 2

Serbia-Pólland	23-35 (7-21)
Noregur-Þýskaland	25-24 (12-12)
Danmörk-Makedónía	32-24 (13-12)

Danmörk	4	3	0	1	129-120	6
Þýskaland	4	2	1	1	122-106	5
Pólland	4	2	0	2	119-111	4
Noregur	4	2	0	2	108-110	4
Serbia	4	1	1	2	121-133	3
Makedónía	4	1	0	3	104-123	2

Hér er mikil spennan fyrir lokaumferðina á þriðjudag en tvö efstu liðin fara í undanúrslit.

ÚT
T
S
A
A


88008 • SÍM • HJALD

Allt að
40%
afsláttur

Íþróttaskór
Gönguskór

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900



FERÐALÖG OG FRÍSTUNDIR

Íþróttar- og sýningarhöllinni
í Laugardal **8.-10. maí 2009**

Sýningin Ferðalög og frístundir verður haldin í Íþróttar- og sýningarhöllinni í Laugardal 8.-10. maí nk. Á sýningunni sameinast á einum stað allt sem viðkemur ferðalögum, frístundum og afþreyingu, innanlands sem utan.

Samhliða Ferðalögum og frístundum verður haldin sýningin **Golf 2009**, með öllu því nýjasta sem snertir golfíþróttina, og **Ferðatorgið**, þar sem ferðamálasamtök landsins kynna hver sinn landshluta.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Fyrir hverja er sýningin?

- Metnaðarfull fagsýning fyrir ferðaþjónustuna, frístunda- og afþreyingargeirann.
- Fróðleikur og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Ávinningur sýnenda

Á sýningunni gefst tækifæri til að kynna framboð á íslenskrari ferðaþjónustu, starfsemi, vörur og þjónustu í afþreyingar-, frístunda- og ferðaþjónustugeiranum. Jafnframt gefst sýnendum tækifæri til að mynda ný viðskiptasambönd, treysta böndin við núverandi viðskiptavinum og styrkja jákvæða ímynd.

Verður þitt fyrirtæki með?

Bókaðu núna!

Þeir sem tryggja sér sýningarsvæði fyrir 10. febrúar fá 10% afslátt!



Framkvæmd sýningarinnar:



ALMANNATENGL

Samstarfsaðilar:



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



FERÐAMÁLASAMTÖK ÍSLANDS



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



ICELANDAIR

Opinn kynningarfundur

AP almannatengsl halda opinn kynningarfund um sýninguna í sal 1 í Íþróttar- og sýningarhöllinni í Laugardal **miðvikudaginn 28. janúar kl. 8.30.**

Þátttaka á fundinum tilkynnist á **syning@ferdalogogfristundir.is** ekki seinna en þriðjudaginn 27. janúar.

Komdu og kynntu þér sýninguna!

AP almannatengsl ehf. - Grandagarði 8 - 101 Reykjavík - sími 514 1430 - appr@appr.is

Nánari upplýsingar
syning@ferdalogogfristundir.is
www.ferdalogogfristundir.is
Sími 514 1430

> Chad Michael Murray

„Helst af öllu vil ég vera með stutt hár og mikið skegg. En það samræmist því miður ekki þeirri hugmynd sem Lucas hefur.“ Murray fer með hlutverk Lucasar í þættinum One Tree Hill en í kvöld hefst sjötta þáttaröðin á Skjá-Einum.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** OG STÓRVIRKAR VINNUVÉLAR

Það er erfitt að eiga við hauginn

Fyrir nokkrum dögum sat hópur fólks í mötuneyti og borðaði súpu. Ég var einn þeirra. Menn þögðu lengst af en svo var þögnin rofin með þælingu um hvað væri í raun í gangi á Gasa. Nokkrar kenningar voru viðraðar og jafnframt fullt að glæpir gegn mannkyninu væru framdir á hverjum degi og okkur væri í raun sama. Undir þetta vildu ekki allir skrifa en erfitt var þó að mótmæla því að viðbrögð stjórnvalda um allan heim voru ekki í neinu samhengi við tilefnið. Það var líka spurt hvað þyrfti að leita langt aftur í tímann til að finna glæpi sem væru hæfir til samanburðar. Ég stóð svo upp frá borðinu og hélt áfram að vinna. Ég efast um að ég geti svarað spurningunni en í gær var mér snúið í rétta átt, kjósi ég að leita svársins.

Fólkið á Gasa vinnur þessa dagana við að leita í rústum nokkur



þúsund bygginga sem hafa verið jafnaðar við jörðu. Íbúðarhúsnæði og skólar jafnt sem opinberar stofnanir eru rústir einar og fréttamyndir sýna að eina leiðin til að komast í gegnum hauginn er notkun stórvirkra vinnuvéla. Það er grimmilegt til þess að hugsa að það er ekki verið að reyna bjarga verðmætum heldur er verið að sækja lík þeirra sem grófst undir.

Það er erfitt að meta þessa atburði í sögulegu samhengi. Hvenær gerðist eitthvað eins og þetta síðast? Þegar ég sá fréttina þar sem stór jarðbætur var að hjakkast í múrsteinahrúgunni kom upp í hugann að þýskir nasistar notuðu svona verkfæri við að yta líkum gyðinga niður í fjöldagrafir sem þeir höfðu grafið í útrýmingarþýðunum sínum. Þeir komust ekki heldur í gegnum hauginn án þess að nota jarðýtur.

MÁNUDAGUR



▶ **20.00 Hollywoodland STÖÐ 2** **BIÓ.**



▶ **21.00 The Truth About Binge Drinking** **SKJÁREINN**



▶ **21.15 Sporlaust (Without a Trace)** **SKJÁREINN**



▶ **21.30 Men in Trees** **STÖÐ 2**



▶ **21.30 20 Good Years** **STÖÐ 2 EXTRA**

SKJÁREINN

- 16.35 Leiðarljós**
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Hanna Montana (18:26) (e)
17.53 Sammi (10:52)
18.00 Kóalabræðurnir (74:78)
18.12 Herramenn (36:52)
18.25 Fréttaukinn (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.25 Barnaprælkun (Child Slavery) (2:2) Nær tvær aldir eru síðan þrælshald var bannað í flestum löndum heims. Engu að síður lifa um 14 milljónir barna í ánað, fleiri en nokkru sinni fyrr, og er þrælslát út í grjótnámum, á plantekrum og í kynlífsþjónustu meðal annars. Í þessari bresku heimildamynd, sem er í tveimur hlutum, er sögð saga sex þrælslátara í fimm heimsálfum.
▶ **21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (16:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.
22.00 Tíufréttir
22.20 Bráðavaktin (ER) (3:19) (e)
23.05 Spaugstofan (e)
23.35 Kastljós (e)
00.20 Lögin í Söngvakeppninni (3:4) Flutt verða lögin tvö sem komust áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins um síðustu helgi.
00.30 Dagskrárlök

BIÓ

- 08.05 Lake House**
10.00 Over the Hedge
12.00 The Breakfast Club
14.00 Lake House
16.00 Over the Hedge
18.00 The Breakfast Club
▶ **20.00 Hollywoodland** Stjórnum prýdd glæpasaga sem átti sér stað árið 1959 þegar leikarinn George Reeves, þá þekktastur fyrir leik sinn sem Superman féll svíplega frá.
22.05 Stander
00.00 Carlito's Way. Rise to Power
02.00 I'll Sleep When I'm Dead
04.00 Stander
06.00 Bigger Than the Sky

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlamir, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (238:300)
10.15 Extreme Makeover: Home Edition (6:25)
11.00 The Riches (3:7)
12.00 Grey's Anatomy (2:17)
12.45 Neighbours
13.10 Bewitched
14.50 ET Weekend
15.35 BeyBlade
15.58 Galdrastelpurnar
16.23 Leðurblökumaðurinn
16.43 Lalli
16.53 Dóddi litli og Eyrnastór
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Neighbours
17.58 Friends (9:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.35 The Simpsons (17:23) Marge er í ævintýraleit og kaupir sér nýja dyrabjólú.
20.00 American Idol (3:40)
20.45 American Idol (4:40)
▶ **21.30 Men in Trees** (15:19) Önnur þáttaröð um indæla sambandsfræðinginn og rithöfundinn Manin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlé-drægur en afar heillandi og myndarlegur maður. Bæjarbúarnir eru alltaf jafn skrautlegir en vináttan virðist verða sterkari með hverjum deginum sem líður. Með aðalhlutverk fer Anne Heche.
22.15 The Lost Room (1:6)
23.00 Réttur (2:6) Ný leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaffækna og glæpa. Söguheftingar eru þrjú lögmenn sem starfa á lögmennsstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.
23.45 Invincible
01.25 Bewitched
03.05 See Arnold Run
04.30 The Simpsons (17:23)

SPORT

besta sætið

- 07.00 Real Madrid - Deportivo** Útsending frá leik í spænska boltanum.
13.50 PGA Tour 2008 Útsending frá Bob Hope Classic móttúni í golfi.
16.50 Real Madrid - Deportivo Útsending frá leik í spænska boltanum.
18.30 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadium í Kaliforníu.
19.25 Ensku bikarmörkin 2009 Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarnum og öll helstu tilþrífir skoðuð.
19.55 Liverpool - Everton Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
21.35 Atvinnumennirnir okkar Annar þátturinn í seríu um fremstu atvinnumenn þjóðarinnar. Auðunn Blöndal heimsækir Hermann Hreiðarsson.
22.10 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
22.40 UFC Unleashed Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
23.25 Liverpool - Everton Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

SPORT 2

enski boltinn

- 17.15 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlífum.
17.45 Premier League Review Allir leikirnir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.
18.45 PL Classic Matches Newcastle - Leicester, 1996. Leikur Newcastle og Leicester var frábær skemmtun fyrir áhorfendur sem munu seint gleyma þessum leik.
19.15 Tottenham - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review Allir leikirnir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.
22.00 Coca Cola-mörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markabætti.
22.30 Liverpool - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist**
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
17.35 Vörutorg
18.35 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 Charmed (18:22) (e)
20.10 One Tree Hill (1:12) Síðasta þáttaröð endaði með mikilli dramatík þar sem Lucas hringdi í þá stúlku sem hann vill eyða ævinni með og það hana að giftast sér en áhorfendur fengu ekki að sjá hver er sú heppna. Nathan bróðir hans reynir að snúa aftur í kórúboltann eftir að hafa náð sér af meiðslunum á meðan Brooke og Payton standa í ströngu á öðrum vígstöðvum.
▶ **21.00 The Truth About Binge Drinking** Breskur þáttur sem vakti mikla athygli þegar hann var sýndur á ITV-sjónvarpsstöðinni í Bretlandi. Hér fórnar breska poppstjama Michelle Heaton sér í áhugavert rannsóknarverkefni. Hún kannar hvaða áhrif óhófleg áfengisdrykkja hefur á líkama og sál. Í þessum þætti prófar hún að fara út á lífið og neyta áfengis af miklum móð í 30 daga undir eftirliti læknis.
21.50 CSI (2:24) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Dáleiðari sem notar hæfileika sína til að fremja glæp er grunaður um morð eftir að fyrrum bankastarfsmaður stekkur fram af svölum á háhyssi. Gríssom rannsakar morð á konu með spilafíkn og Sara blandast í mál sem hún vann við fyrir átta árum þar sem konu var nauðgað og hún féll síðan í dauðadá.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
23.30 Dexter (11:12) (e)
00.20 Vörutorg
01.20 Óstöðvandi tónlist

SKJÁREINN

18.15 Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

**STÆRSTI SJÓNVARPS-
VIÐBURÐUR Í HEIMI**

Í KVÖLD KL. 20:00

American Idol

skemmtilegri

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00
American Idol

Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur áttunda árið í röð og betri en nokkru sinni fyrr. Draumur sjö söngvara hefur ræst og allir hafa slegið í gegn, selt milljónir platna, bætt met og sungið sig inn í hjörtu heimsbyggðarinnar. Síðasti sigurvegari, rokkarinn David Cook, gaf nýverið út sína fyrstu plötu og er hún einmitt meðal þeirra allra vinsælustu vestanhafs í dag. Leitinn að áttundu Idolstjörnu Bandaríkjanna hófst í síðustu viku, en til þess eru mætt til leiks sem fyrr Simon Cowell, Randy Jackson og Paula Abdul. Þeim til fulltingis í fyrsta sinn í sögu American Idol er fjórði dómariinn, söngkonan, lagahöfundurinn og músíkmögúllinn Kara DioGuardi. Það er því öruggt að eitthvað nýtt og óvænt mun gerast í nýrri seríu af American Idol. Í kvöld halda áheymarprufurnar áfram í San Francisco og Louisville.



▶ VIÐ MÆLUM MED

The Lost Room

Stöð 2 kl. 22.15

Dularfull spennuþáttaröð í anda Stephens King sem sífellt tekur óvænta stefnu. Joe Miller er lögreglu maður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykil sem opnar honum allar dyr sem þó ganga alltaf að einu og sama mótélherberginu þar sem dulmagnaðir atburðir eiga sér sér stað. Með aðalhlutverk fara Peter Krause, Julianna Margulies og Kevin Pollack.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin	15.30 Lostafulli listræninginn
06.40 Veðurfregnir	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.16 Auðlindin
09.45 Morgunleikfimi	18.26 Spegillinn
10.03 Veðurfregnir	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Stefnumót	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Kvika
12.02 Hádegisútlit	21.10 Lárétt eða lóðrétt
12.20 Hádegisfréttir	22.07 Veðurfregnir
12.45 Veðurfregnir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vít og breitt	22.15 Ársól
14.03 Bak við stjórnurnar	23.05 Á tónsviðinu
15.03 Útlitssagan: Svörtu hestarnir	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (110:260)

16.30 Hollyoaks (111:260)

17.00 Seinfeld (21:24)

17.25 E.R. (21:25)

18.10 My Boys (17:22)

18.30 20 Good Years (6:13)

19.00 Hollyoaks (110:260)

19.30 Hollyoaks (111:260)

20.00 Seinfeld (21:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

20.25 E.R. (21:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.10 My Boys (17:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

21.30 20 Good Years (6:13) Good Years (5:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólífuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta.

22.00 Réttur (2:6)

22.45 Cold Case (4:23)

23.30 Mad Men (6:13)

00.15 Sjáðu

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Hrafnaþing í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Gestur þáttarins er bankamálaráðherra Björgvin G. Sigurðsson. Getur hann sagt okkur hvað við skuldam?

21.00 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Vonbrigði og væntingar bankastarfsmanna eru meðal umræðuefna. Gestur er Helga Jónsdóttir.

21.30 Sportið mitt Farið yfir íþróttavíðburði helgarinnar í máli og myndum í umsjá Sverris Júlíussonar.

DR 1

12.20 OBS 12.25 Søren og Søren 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Family Guy 15.30 Braceface 15.55 Oggy og kakerlakkerna 16.00 Troldepejlet 16.15 Robotboy 16.30 Den travle by 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Guld og grønne skove 19.00 Vild i storbyjunglen 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot 22.35 OBS 22.40 Hvor kragerne vender

NRK1

12.05 Berlin, Berlin 12.30 Viten om 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 Koht i familien 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjertet 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barnetv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Vennene på Solfløkken 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Si ja, bli min 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Livet i Fagervik 21.25 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Inspektør Lynley 23.45 Nytt på nytt

SVT 1

13.05 Skidskytte 15.00 Rapport 15.05 Konstakning. EM 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturmyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 På spåret 20.00 Skavlan 21.00 Konstakning. EM 22.00 Kulturmyheterna 22.15 Solens mat 22.45 Misstánt 00.45 Sändningar från SVT24

Tilboð
20%
lægra verð!

20% lægra verð á öllum bragðtegundum skyr.is drykkjarins!

HVAD SEGIR MAMMA?



„Auðvitað er maður rosalega stoltur því ég hef fylgst með körfubolta í þrjátíu ár, en mér krossbrá þegar ég sá að hann yrði í byrjunarliðinu. Það kemur samt kannski ekki á óvart

því hann hefur rosalega hæfileika og hefur aldrei leikið sér með neitt annað en bolta.“

Guðný Svava Friðriksdóttir móðir Vals Orra Valssonar, 14 ára körfuboltakappa í Njarðvíkurlíðinu, sem er yngsti leikmaður til að spila, byrja inn á velli og skora í úrvallsdeild karla.

Þórir framleiðir mynd um Charles Bronson

Kvikmyndin Bronson í leikstjórn hins danska Nicholas Winding Refn hefur vakið mikla athygli á Sundance- kvikmyndahátíðinni sem nú er haldin í Utah-ríki í Bandaríkjunum. Þórir Snær Sigurjónsson hjá kvikmyndafyrirtækinu ZikZak, er einn framleiðanda myndarinnar en gagnrýnendur hafa hrósad henni hástert og kvikmyndarýnir karlablaðsins FHM telur hana vera Clockwork Orange 21. aldarinnar. „Jú, hún hefur verið að fá prýðilega dóma,“ segir Þórir hógvær í samtali við Fréttablaðið en hann var staddur á Sundance til að fylgja eftir sýningum á stuttmynd Rúnars Rúnarssonar, 2Birds sem aldrei þessu vant för heim verðlaunalaus.

Bronsonmyndin er hins vegar

lauslega byggð á ævi einhvers þekktasta fanga Bretlands, Michaels Gordons Peterson. Hann breytti síðar nafni sínu í Charles Bronson. Michael þessi er sagður vera hættulegasti fangi Bretlands og þrátt fyrir að hafa „aðeins“ framið þrjú afbrot þá hefur honum

tekist að halda sér á bak við lás og slá í 34 ár fyrir uppátæki sín innan fangelsismúranna. Þar af er þrjátíu ár í einangrun.

Aðalleikari myndarinnar, Tom Hardy, hefur fengið frábæra dóma fyrir frammi-stöðu sína. Þórir upplýsir að Hardy þessi hafi lagt mikið á sig og hann hafi átt mörg samtöl við umræddan Bronson. „Hann var dæmdur fyrir smáafbrot á sínum tíma og ákvað upp frá því að verða frægasti fangi Bretlandi. Honum tókst það,“ segir Þórir. Kvikmyndabliðan Varitrey gaf kvikmyndinni prýðilega dóma á vefsíðu sinni og vefsíðan Indiwire, sem er ein virtasta sjálfstæða kvikmyndasíða í heimi, hrósar henni í hástert. - fgg



HARDY OG ÞÓRIR Eins og sjá má lagði leikarinn Tom Hardy töluvert á sig til að ná líkamsburðum og geðveikisglampa Charles Bronson. Þórir Snær framleiðir myndina um þennan þekktasta fanga Bretlands.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. merki, 6. mannþyrping, 8. berja, 9. skjön, 11. til, 12. litur, 14. bragðbætur, 16. í röð, 17. hyggja, 18. fiskur, 20. ólæti, 21. stígur.

LÓÐRÉTT 1. bumba, 3. hæð, 4. átelja, 5. miskunn, 7. áhald, 10. beiskur, 13. gagn, 15. rjál, 16. rámur, 19. kusk.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. tákni, 6. ós, 8. slá, 9. mls, 11. að, 12. þrúnn, 14. krjdd, 16. hi, 17. trjú, 18. áll, 20. at, 21. síð. LÓÐRÉTT: 1. vömb, 3. ás, 4. kländra, 5. náo, 7. sirkill, 10. súr, 13. nyl, 15. íð.



VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

RAY WINSTONE: LANGAR AÐ VEIÐA Á ÍSLANDI

Aðgerðir Breta gegn Íslendingum ófyrirgef়anlegar

Breski stórleikarinn Ray Winstone er einhver dyggasti stuðningsmaður enska knattspyrnuliðsins West Ham. Liðið er sem kunnugt er í eigu Björgólfs Guðmundssonar og hefur verið sagt eiga í fjárhags-erfiðleikum síðan íslensku bankarnir hrundu. Winstone segist hins vegar engan kala bera til Björgólfs persónulega þrátt fyrir allt. Enda hafi þeir lyft þungum bagga af félaginu. „Stuðningsmennirnir eru að minnsta kosti brattir enda erum við í áttunda sæti deildarinnar,“ segir Winstone sem er nýkominn heim frá Bandaríkjunum en þar var hann að leika í kvikmyndinni 13 á móti Mickey Rourke. „Og svo seldum við Craig Bellamy til City með töluverðum ágóða,“ bætir Winstone við.

Ray Winstone hefur reyndar haft horn í síðu auðkýfinga frá framandi löndum sem hafa keypt ensk knattspyrnufélög á undanförunum árum og eytt himinháum fjárhæðum í knattspyrnustjörnur. Og nefnir nú síðast Manchester City sem virðist hafa yfirfulla vasa af klinki. „Ólíkt þeim þá gat maður tengt sig við Björgólf og Íslendingana, ég meina, það rennur sameiginlegt víkingablóð í æðum okkar,“ segir Ray og vill því ekki taka undir þau orð að Björgólfur hafi komið West Ham á kaldan klaka. „Ég skelli skuldinni alfarið á bankakerfið, ekki á Björgólf persónulega heldur bankakerfið í heild sinni,“ útskýrir Ray.

Winstone kom hingað til lands fyrir þremur árum. Og segist hafa fallið fyrir land og þjóð. Hann langi meira að segja að koma hingað og veiða í einhverri af ám landsins. „Svo lengi sem ég þarf ekki að borða ónýtan hákarl,“ segir Ray og hryllir við þegar hann er upplýstur um að nú sé akkúrat runninn upp tími þorramatar á Íslandi.



RAY WINSTONE Á UPTON PARK Breski leikarinn Ray Winstone ásamt Alan Curbishley, fyrrverandi stjóra West Ham sem Eggert Magnússon réði á sínum tíma. Winstone segist engan persónulegan kala bera til eiganda West Ham, Björgólfs Guðmundssonar, heldur skellir skuldinni alfarið á bankakerfið í heild sinni, þar liggja sökin á fjárhagsvandráðum heimsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Þegar talið berst frá íslenskum laxi og silungi aftur að efnahagsvandráðum Íslendinga fýkur í Ray þegar hann rifjar upp hryðjuverkalögin sem sett voru á Ísland. „Þetta var algjörlega ófyrirgef়anlegt af breskum stjórnvöldum. Algjörlega út í hött,“ segir Ray og er heitt í hamsi. „Við eigum okkur sögu, Íslendingar og Bretar, við stóðum saman í seinni heimstyrjöldinni og þetta var alveg fráleitt.“ Og þegar blaðamaður segir honum

frá lopapeysusöfnun landsmanna handa köldum gamalmennum í Bretlandi þá er Ray eiginlega bara nóg boðið. „Þið eigið ekkert að vera gera þetta, mér finnst þetta bara skandall, að svona skuli vera komið fram við eldri borgara. En þegar gamalmenni eru að hrynja niður af kulda og hryðjuverkalöggjöf er beitt á vinahjóð þá hlýtur það að segja manni að eitthvað er að í bresku samfélagi.“

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sýningin Don John sem hjónakornin Gísli Örn Garðarsson og **Nína Dögg Filippusdóttir** leika í hefur verið færð um set. Don John var sýnt í hinu fornfræga leikhúsi Royal Shakespeare Theatre í leikhúsbænum Stratford-upon-Avon en verður nú sett upp, með sama leikhópi, í nýju og glæsilegu leikhúsi sem er á besta stað í London. Leikhúsið tekur fimm hundruð manns í sæti og mega þau Gísli og Nína því eiga von á að dvelja ögn lengur í breska heimsveldinu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hafa dyrnar heldur betur opnast fyrir leikaranum **Stefáni Karli Stefánssyni** eftir stórkostlega frammistöðu sem Tröllu í Bandaríkjunum. Stefán var kallaður í þrjú þrjú víðamikla söngleiki: sem Skari í Lion King, í Billy Elliot og svo í söngleik eftir U2-bræðurna Bono og The Edge um Köngulóarmanninn. Samkvæmt Fésbók Stefáns hefur hann nú verið kallaður aftur í þrjú þrjú eitt þessara verkefna og segist hann vera nokkuð bjartsýnn á framhaldið.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru hélt **Jóhann Páll Valdimarsson** og fjölskylda í ansi magnaða för til Egyptalands á meðan stríðið á Gasa stóð sem hæst. Svo virðist sem nærvera bókaköngsins hafi haft nokkuð góð áhrif því fljótlega tók öldur að lægja milli Ísraela og Palestínuranna. Varla mátti Jóhann þó koma seinna heim því ekki virðist vera vanþörf á góðum fríðarsamningamönnum á Íslandi eins og staðan er í dag. - fgg

Stefáni líkt við Edgar Allan Poe

„Óneitanlega er gaman að vera líkt við Poe. Það hljómar vel. Ég hef alltaf verið Poe-maður,“ segir Stefán Máni rithöfundur.

Hið virta tímarit Spiegel tekur í hverri viku saman mikilværustu bækur vikunnar. Í janúar kom Skipið eftir Stefán Mána út í þýskri þýðingu undir heitinu Das Schiff. Gagnrýnandi Der Spiegel velur bókina eina þá merkustu í þeirri viku og gefur henni auk þess lofsamlega umsögn þar sem Skipinu er líkt við verk Edgars Allans Poe og H.P. Lovecrafts.

Verk Poes sem þýski gagnrýnandinn vísar til er Arthur Gordon Pym og Stefán Máni segist reyndar ekki hafa lesið þá bók en hún sé skipabók og þannig skyld Skipinu. En viðbrögð í Þýskalandi hafa verið einkar ánægjuleg. „Mikil og komu fljótt. Virkilega gaman en ég hef ekki heyrt enn af almennum viðtökum. Í kjölfar þessa hafði kvikmyndafyrirtæki í Berlín samband og spurðist fyrir um réttinn. Ég kom þeim í samband við ZikZak sem á kvikmyndaréttinn og vel má vera að eitthvað komi út úr því.“

Stefán Máni er þegar byrjaður á næstu bók. Tekur janúar fagnandi sem fyrir honum þýðir vinnufriður og til stendur að skila handriti inn næsta haust. „Já, og nei. Meira – nei,“ svarar Stefán, spurður hvort



STEFÁN MÁNI Poe stundaði ekki sjóund í Norður-Atlantshafi sem Stefán - en þó finnur þýskur gagnrýnandi líkindi milli verkja þeirra tveggja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hún sverji sig í ætt við Ódádahraun, síðustu bók hans. „Hún var harðkjarnakrimmi. Næsta bók er mýkri og aðalpersónan venjulegur strákur en ekki harðhaus. Kannski meira í líkingu við bækurnar Hótel California og Ísrael en þó eru þarna dularfull mál í bland. Venjulegur strákur lendir í miklum ævintýrum. Ég er ofboðslega spenntur fyrir þessari bók sem gengur vel.“ - jbg

Fiskikóngurinn

**GLÆNÝR
RAUÐMAGI**

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3
108 Reykjavík • sími 587 7755

5125050



VORÖNN 2009

Tölvu og bókhaldanám

Stutt og hnitmiðuð 210 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Námsbraut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína með aukinni menntun og tölvufærni. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum og einrykjum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

»Tölvugreinar:

Windows, Word, Excel, PowerPoint, Internet og Outlook (tölvupóstur, dagbók skipulag) stafræn myndvinnsla ofl.

»Viðskiptagreinar:

Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvufært bókhald í Navision.

Næsta námskeið hefst 4. feb. Kvöld og morgunnámskeið í boði.
Tilboðsverð kr. 149.000,- Ath. möguleika á niðurgreiðslu fyrir atvinnulausa og endurgr. stéttarfélag.
Námið er metið til eininga. Allt kennslufni innifalið.

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.

»Photoshop – Illustrator – InDesign

Næsta námskeið hefst 27. jan (fá sæti laus)
Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,-



Vefsíðugerð

»Vefsíðugerð – grunnur. Photoshop og Dreamweaver
Næsta námskeið hefst 28. jan. Kvöld og morgunnámskeið í boði.
Lengd: 47 std. Verð kr. 49.000,-

»Vefsíðugerð frh. Dreamweaver – HTML – Javascript
Lengd: 31 std. Verð kr. 32.000,-

Almenn námskeið

»Tölvunám byrjenda.

Námskeið ætlað algjörum byrjendum á öllum aldri.
Hefst 3. feb og lýkur 26. feb. Kennt er mán og mið. Morgun og kvöldnámskeið í boði
Lengd: 42 std. Verð kr. 32.900,-

»Almennt tölvunám.

Windows – Word – Excel – Internet – Outlook
Hefst 4. feb og lýkur 4. mars. Morgun og kvöldnámskeið í boði
Lengd: 58 std. Verð kr. 44.900,-

»ECDL tölvunám.

Ítarlegt tölvunám sem lýkur með alþjóðlegri vottun.
Windows – Word – Excel – PowerPoint – Internet – Outlook
Hefst 4. feb og lýkur 11. mars. Morgun og kvöldnámskeið í boði
Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-

Möguleikar fyrir atvinnulausa!

Atvinnulausum gefst kostur á að skrá sig á nokkur námskeið sem haldin eru í skólanum á vegum Vinnuálastofnunar og eru þessi námskeið atvinnulausum að kostnaðarlausu. Upplýsingar og skráning á þessum námskeiðum fer fram hjá ráðgjöfum Vinnuálastofnunar.

Jafnframt niðurgreiðir Vinnuálastofnun önnur námskeið skólans um allt að 50%. Flest stéttarfélög styrkja auk þess félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur. Kynntu þér rétt þinn hjá þínu stéttarfélagi.

Eldri borgarar 60+



»Grunnnámskeið.

30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.
Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.
Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur. Hefst 28. jan. og lýkur 18. feb. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- (kennslubók innifalin)

»Framhald.

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa samæbrilega undirstöðu. Hefst 29. jan. og lýkur 19. feb. Kennt er þriðjudaga og fimmtududaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,-

Stök forrit	St.fj	Hefst	Verð
Dreamweaver	26	11. feb	29.000,-
Excel frh	14	18. feb	24.000,-
Excel grunnur	21	25. feb	24.000,-
Flash	21	17. feb	24.000,-
Illustrator	32	25. feb	44.000,-
Office 2007 kynning	5	9. feb	7.900,-
Outlook	10	11. feb	15.000,-
Photoshop grunnur	21	28. jan	24.000,-
Photoshop ljósmyndun	26	10. feb	29.000,-
PowerPoint	10	6. mar	15.000,-
Stafrænar myndavélar	14	25. feb	15.000,-
Word ritvinnsla	21	6. feb	24.000,-
Bókhald I	100	13. mar	94.000,-
Bókhald II	32	4. feb	36.000,-
Navision fjárhagsbókhald	42	20. apr	49.000,-
Tollskýrslugerð	21	15. maí	28.000,-

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking



BAKÞANKAR
Þórhildur Elínar
Elínardóttir

Óþarfa áhyggjur

Í fæðingarhríðum Nýja-Íslands lvirðast hörmungarnar engan enda ætla að taka. Athygli okkar flógrar á milli sökudólganna sem hafa svikið okkur í laumi í langan tíma. Auðmannanna sem hafa það eina markmið að sviða til sín allt okkar strit. Bankanna sem voru í sama leiðangri á bak við svo hjartnæmar ímyndarauglýsingar að jafnvel harðsvíruðustu naglar klökknuðu. Hins grátbroslega seðlabankastjóra, „fjármálaeftirlitsins“, að ógleymdum forseta og ráðherrum sem fannst svo geðveikt gaman að vera þotulið. Yfir og allt um kringtrónir krumla alþjóðlegrar fjármálakreppu sem ætlar að kreista líftórna úr okkur öllum.

OG VIÐ sem létum telja okkur trú um ævintýrið um að lifa, ef ekki hamingjusöm, þá að minnsta kosti svolítið stöndug til æviloka, en sitjum nú uppi í rústunum með stjarnfræðilegar afborganir af einhverju sem aldrei var raunverulegt. Á tímabili höfðum við jafnvel látið okkur dreyma útópíska drauma um alls kyns fineri eins og ósnortna náttúru og jafnrétti kynjanna. Ó, ef við hefðum bara haft vit á að njóta þeirra vandamála sem á tímabili virtust ærin og aðkallandi en eru nú horfin á bak við þykkt lag af afkomuotta.

Í ÖLLUM aðstæðum eiga að leynast tækifæri en í okkar stjórnláusu hremmingum eru þau hreint ekki áberandi. Einmitt þegar við erum rétt nýbyrjuð að reyna að átta okkur á helstu staðreyndum kemur í ljós að þær eru enn verri en við höldum í gær. Ef allt fer sem horfir verður þetta árið sem hlýnunar jarðar bræðir jöklana í hvelli, Hekla gýs og fuglaflensan nær sér almennilega á strík.

TIL AÐ drepast ekki alveg úr svartsýni við þessar hroðalegu kringumstæður er friðsamlegt andóf á almannaþæri auðvitað mikilvægt lýðræðislegt innlegg. Í þásum er samt upplagt að slökkva stundum á fréttatímunum, borða ótal rjómakökur, detta íða á þorra-blótinu, lesa allar rauðu ástarsögurnar og skreppa til spákonu sem hefur á sér orð um dæmalaust næmi. Hún skautaði glaðlega fram hjá kreppunni og vatt sér strax í ástir, barneignir, ferðalög og peninga. Samkvæmt hennar áætlunum munu öll þessi grundvallaratriði blómstra í lífi mínu ævilangt, ég þarf ekki að hafa nokkrar áhyggjur eftir allt saman. Mér líður strax miklu betur.



Skelltu þér út, þú átt það inni!

Køben, London og Berlín á frábæru verði

Hvernig væri að gefa skammdeginu smá frí og skreppa til Kaupmannahafnar, London eða Berlínar?

Borgirnar eru spennandi áfangastaðir fyrir þá sem vilja hvíla sig aðeins á vetrinum. Bókaðu flug á betra verði á www.icelandexpress.is - þú hefur gott af því að skella þér út!

Iceland Express 
með ánægju




GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 26. janúar, 26. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.25	13.40	16.56
Akureyri	10.25	13.25	16.25

Heimild: Almanak Háskólans